

**SKOÐUN** Ólafur Stephensen skrifar um keppni ríkisins við einkaframtakið. 15



**MENNING** Dómur um Mar, í leikstjórn Árna Grétars Jóhannssonar, sem sýnt er í Frystiklefanum á Rifi. 20



**SPORT** Einar Daði Lárusson er á leið á sitt fyrsta alþjóðlega mót í tvö og hálft ár. 26

ÓDÝRARI FARGJÖLD Á WOWAIR.IS
wow air

# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
25. febrúar 2015
47. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014

## MARKAÐURINN



### Áhuginn eykst stöðugt

HönnunarMars fer fram dagana 12.-15. mars næstkomandi. Nýr verkefnisstjóri hátíðarinnar segir að um 2-300 hönnuðir sýni þar verkefni sín og um 30 þúsund Íslendingar skoði það sem í boði er. Áhugi útlendinga eykst og fjölmargir hönnuðir stofna til viðskiptasambanda á hátíðinni.

## FRÉTTIR

### Samþykkti breytingar án aðkomu nefndar

Hús sem á að víkja samkvæmt miðbæjarskipulagi Akureyrar hefur verið endurnýjað. Skipulagsfulltrúi samþykkti breytingar án aðkomu skipulagsnefndar bæjarins. 2

**Fagnar aðfinnslum** Félags- og húsnæðismálaráðherra staðfestir að hér séu engin heildarlög gegn kynþáttamisrétti í smíðum. 6

**Spyrja EFTA** Ferskar kjötvörur ehf. hafa höfðað bótamál á hendur ríkinu vegna tjóns þegar innflutningi á nautalundum var synjað. 6

**Áfallastreita algeng** Sjálfboðaliðar á hamfarasvæðum þjást gjarnan af áfallastreituröskun. 12





14

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | | A | 16 |
| Akureyri | -1° | | A | 12 |
| Egilsstaðir | 0° | | A | 12 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | | A | 18 |
| Reykjavík | 3° | | A | 19 |

**VONSKUVEÐUR** Austan og suðaustan 20-28 m/s með snjókomu og síðar slyddu eða rigningu S-til, en hægari og úrkomulítið NA-til framan af. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaðurinn | Fólk







**GLAÐIR FRAKKAR** Hressir franskir ferðamenn hikuðu ekki við að bregða á leik fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins við Hallgrímskirkju í gær. Krökkt er af erlendu ferðafólki á landinu og virðist ekkert lát á fjölgun þess því tölur Ferðamálastofu í janúar sýndu að á sama tíma höfðu aldrei áður verið fleiri hér á ferðinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Krónutöluhækkun ráðherra sögð ófær

Forsætisráðherra segir krónutöluhækkanir skynsamlega nálgun í kjaraviðræðum. Fjármálaráðherra hefur boðað aðrar leiðir. Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir óeiningu um krónutöluhækkanir meðal verkalýðshreyfingarinnar.

**KJARAMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra sagði á Alþingi í gær að mikilvægt væri að koma til móts við fólk með lægri tekjur og millitekjur og það væri jafnvel best gert með krónutöluhækkunum. Slíkar hækkanir hefðu oft og tíðum reynst vel. Sigmundur ítrekaði í ræðu sinni í óundirbúnum fyrirspurnartíma að hann teldi krónutöluhækkanir skynsamlega nálgun í þeim kjarasamningum sem í hönd fara.

Svo virðist sem forsætisráðherra og fjármálaráðherra greini á um málið, miðað við orð Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra í þinginu 5. febrúar síðastliðinn þegar hann sagði miklar nafnlaunahækkanir hafa tilhneigingu til að enda í verðbólgu. Endi kjaraviðræður nú með þeim hætti munum við „fara eina byltu enn. Úr því kemur engin kaupmáttaraukning,“ sagði Bjarni.



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON



BJARNI BENEDIKTSSON



ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON

Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, segir enga sátt um félögunum. „Áherslur verkalýðsfélaga hvað krónutöluleiðina varðar hafa verið mjög ólíkar.“

Þorsteinn segir að í kröfugerðum bæði Flóabandalagsins og Starfsgreinasambandsins felist ákveðin krafa um prósentuhækkanir þrátt fyrir að þær séu settar fram sem krónutöluhækkanir.

„Síðan getum við horft til opinbera umhverfisins, kröfugerða lækna og fleiri stétta sem fóru fram með mjög ríka áherslu á prósentuhækkanir. Það er ekkert hægt að framkvæma krónutöluhækkun ef ekki er sátt um það milli allra hópa á vinnumarkaði,“ segir Þorsteinn og bætir við að Samtök atvinnulífsins telji þá leið ekki færa.

Um áherslumun talsmanna ríkisstjórnarflokkanna segir Þorsteinn að aðalmálið sé að þeir þingmenn, sem tjá sig um kjaramál, hafi það í huga að brýnast sé að ná raunverulegri kaupmáttaraukningu. Ekki megi hverfa aftur til tíma óðaverðbólgu.

- fbj

# Hælisleitendur þurfa úrræði

**SAMFÉLAG** Nauðsynlegt er að koma á fót hér á landi móttökustöð fyrir hælisleitendur, að mati starfandi forstjóra Útlendingastofnunar. Slíkt fyrirkomulag segir hann þekkjast í nágrannalöndum okkar.



ÓLÖF NORDAL

Málefni hælisleitenda eru í skoðun í innanríkisráðuneytinu. „Daglega er verið að vinna í þessum málum og við erum langt komin með að bæta kerfið,“ segir Ólöf Nordal innanríkisráðherra.

- kbg / sjá síðu 4

Lögreglu skortir heimildir:

# Aukin hætta á hryðjuverkum

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Aukin óvissa ríkir hér á landi vegna hættu sem stafar af hryðjuverkum.

Ríkislögreglustjóri hefur hækkað hættustig vegna hryðjuverkaógna úr lágu stigi í meðalstig og kallar eftir auknum úrbótum til að takast á við skipulagða hryðjuverkastarfsemi.

- srs / sjá síðu 10



## SPURNING DAGSINS



Er þá hægt að kyssa skinkuna bless?

**„Nei, skinkan lifir góðu lífi á netinu.“**
Nadia Tamimi er eigandi verslunarinnar Kiss sem hefur nú verið lokað í Kringlunni en netverslunin verður enn opin. Kiss er af mörgum talin ein helsta „skinku“-búð landsins.

Orkustofnun telur enn þá réttaróvissu ríkja um hvort lög um rammaáætlun nái yfir vindorkukosti:

# Allir virkjanakostir komnir til umfjöllunar

**ORKUMÁL** Orkustofnun lagði í síðustu viku inn 33 virkjunarkosti til verkefnastjórnar 3. áfanga rammaáætlunar og eru því samtals gögn vegna 81 virkjunarkosts á borði verkefnastjórnarinnar þegar allt er talið. Þar af eru 47 virkjunarkostir í vatnsafli og 33 í jarðvarma.

Orkustofnun skilaði upplýsingum um tilhögun 50 virkjunarkosta 20. janúar síðastliðinn, en dró síðan þrjá kosti til baka þar sem í ljós kom að þeir voru á friðlýstu svæði.

Stærsta vafaatriðið sem birtist í bréfi Orkustofnunar til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um tilhögun virkjunarkosta sem fara til umfjöllunar verkefnisstjórnar varðar vindorkukosti. Í bréfinu segir að það sé mat stofnunarinnar að lög nái ekki með ótvíræðum hætti til vindorku almennt eða sjávarfallaorku. Því voru vindorkukostir sem Orkustofnun hafði sjálf byrjað undirbúning á, ekki sendir verkefnastjórninni til umfjöllunar nú. „... vegna réttaróvissu um skoðun Orkustofnunar, meðal annars vegna túlkunar umhverfis- og auðlindaráðuneytis, munu virkjunarkostir í vindorku við Blöndulón og við Búrfell verða sendir verkefnastjórninni, óski Landsvirkjun þess til að tryggja réttaröryggi sitt varðandi þá virkjunarkosti,“ segir í bréfinu. - shá

**50** virkjanakostir voru á lista sem Orkustofnun skilaði í janúar, en þrír voru á friðlýstu svæði.



**VIÐ BÚRFELL** Lagaóvissa nær ekki inn á borð Landsvirkjunar sem alltaf hefur gert ráð fyrir að vindorkukostir yrðu metnir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**VIÐ UPPHAF AÐGERÐAR** Aðgerð þar sem samvaxnir tvíburar voru aðskildir tók 26 klukkutíma og gekk ekki áfallalaust fyrir sig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tíu mánaða gamlir samvaxnir tvíburar aðskildir í Texas:

# Læknar bjartsýnir á að báðir lifi

**BANDARÍKIN, AP Tuttugu og sex klukkustundir tók lækna á Barnasjúkrahúsinu í Houston í Texas að skilja í sundur samvaxna tvíbura í síðustu viku. „Aðgerðin gekk ekki áfallalaust,“ segir Darrell Cass skurðlæknir, sem stjórnaði aðgerðinni, en segist þó ánægður með árangurinn.**

**Systurnar eru tíu mánaða gamlar og heita Knaatalyne Hope Mata og Adeline Faith. Þær voru samvaxnar á brjósti og mjöðm og með sameiginleg lungu, lifur, vélinda, ristil, þarma og hluta hjartahimnu.**

**Í aðgerðinni tóku þátt átta hjúkrunarfræðingar, sex svæfingarlæknar og tólf skurðlæknar.** - gb

Gosið hefur í tæpt hálft ár:

# Vetrarríki truflar rannsóknir

**NÁTTÚRA** Vetrarríki virðist hafa áhrif á nákvæmar niðurstöður um atburðarásina í Holuhrauni þessa dagana. Í skeyti vísindamannaráðs kemur fram að áfram dregur úr jarðskjálftavirkni í Bárðarbungu þó enn teljist hún mikil.

Hins vegar er mjög háð veðri hve margir smáskjálftar mælast. Sig öskju Bárðarbungu er nú minna en tveir sentimetrar á dag. „Taka verður tillit til ísskriðs inn að miðju öskjunnar þegar gögn úr GPS-tæki eru skoðuð,“ segir í skeytinu. Gosið hefur staðið yfir í bráðum hálft ár. Verulega hefur dregið úr hraunflæði í Holuhrauni og hægt á sighraða öskju Bárðarbungu. Gosið getur varað í marga mánuði enn. - shá

Frestanir hjá Vegagerðinni:

# Lítið um ný verk á áætlun

**SAMGÖNGUR** Stærstur hluti framkvæmdafjár Vegagerðarinnar fer í að halda áfram nokkrum stórum verkum sem þegar eru í gangi. Lítið er eftir fyrir nýframkvæmdir. Þetta er mat Hreins Haraldssonar vegamálastjóra.

Um 8,6 milljarðar króna eru til framkvæmda á árinu. Tvenn jarðgöng er unnið við í dag auk þess sem á að nota um 900 milljónir króna til uppbyggingar á bundnu slitlagi víðsvegar um landið.

„Það er ljóst að frestun verður á því að setja af stað einhver þeirra stærri verkefna sem voru á áætlun þetta ár miðað við fjárveitingar í fjárlögum,“ segir Hreinn. - sa


# Bio-Kult

Bio Kult Candéa inniheldur góðgerla, hvítlauk og grape seed extract

Styrkir meltinguna, vinnur á Candida sveppasýkingu í meltingavegi







**UMDEILT HÚS** Nýsamþykkt miðbæjarskipulag gengur út á að opna svæðið og á húsið á að víkja. Oddviti Samfylkingarinnar bæði teiknaði skipulagið þar sem húsið á að víkja og breytingar á húsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

# Samþykkti breytingu án aðkomu nefndar

Hús sem á að víkja samkvæmt miðbæjarskipulagi hefur verið endurnýjað. Skipulagsfulltrúi samþykkti breytingar á húsinu án aðkomu skipulagsnefndar. Oddviti Bjartrar framtíðar undrast tilhögunina og segir breytingar á húsinu verulegar.

**AKUREYRI** Skipulagsstjóri Akureyrarbæjar, Pétur Bolli Jóhannesson, samþykkti uppbyggingu og breytingu á húsi við göngugötuna á Akureyri en í nýsamþykktu miðbæjarskipulagi á húsið að víkja. Breytingin á húsinu fór ekki fyrir skipulagsnefnd né heldur í grenndarkynningu. Oddviti Samfylkingarinnar á Akureyri, sem er arkitekt, vann bæði að hönnun miðbæjarskipulagsins sem og að teikna breytingar á húsinu sem á að víkja.

Húsið, sem nefnist Braunshús og stendur við Hafnarstræti 106, á að víkja samkvæmt samþykktu miðbæjarskipulagi Akureyrar. Segir í skipulaginu að tilgangurinn sé að koma á gönguási í gegnum miðbæinn og húsið þurfi að víkja fyrir þessari „þungamiðju skipulagstillögunnar“, eins og hún er kölluð.

Logi Már Einarsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar, vann að hönnun miðbæjarskipulagsins sem var samþykkt þann 6. maí 2014. Tuttugu dögum síðar, eða fjórum dögum fyrir sveitarstjórnarkosningar, sendir arkitektastofa



**LOGI MÁR EINARSSON**

Loga Más uppdrátt af breytingum á téðu húsi. Þann 23. október síðastliðinn samþykkti svo skipulagsstjóri breytingarnar á húsinu án þess að bera það undir skipulagsnefnd.

„Það er ekki þörf á því að að fara með málið fyrir nefndina. Ég hef fullnaðarheimild til að klára byggingarmál og þetta átti ekkert erindi í skipulagsnefnd,“ segir Pétur Bolli skipulagsstjóri. „Það er ekki verið að gera breytingar á húsinu. Sótt var um byggingarleyfi eins og hvert annað byggingarmál sem ég tók afstöðu til.“

Margrét Kristín Helgadóttir, bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar, telur hins vegar að hér sé ekki um einhverjar lítilsháttar breytingar á húsinu að ræða. Telur hún eðlilegt að skipulagsnefnd bæjarins fjalli um málið í stað þess að embættismaður taki ákvörðunina fram hjá nefndinni. „Þetta er veigamikil breyting á húsi sem samkvæmt skipulagi á að víkja og mjög mikilvægt að hin pólitískt skipaða skipulagsnefnd sé inni í málinu og standi að baki ákvörðun skipulagsstjóra,“ segir Margrét Kristín. Hún telur óheppilegt að Logi Már hafi komið sér í þessa stöðu. „Þetta er vissulega staða sem ég myndi sjálf ekki kæra mig um að vera í. Ég hugsa að bæjarbúar vildu gjarnan heyra hvernig hann lítur á málið, hvort hann telji þetta sjálfur óheppilegt eftir á að hyggja.“ sveinn@frettabladid.is



**Þetta er veigamikil breyting á húsi sem samkvæmt skipulagi á að víkja.**

*Margrét Kristín Helgadóttir, bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar á Akureyri.*

Uppsjávarskipin staldra stutt við á miðunum og hópast í land með fullfermi:

# Flotinn í moki við Suðurlandið

**SJÁVARÚTVEGUR** Loðnan gengur nú hratt vestur með suðurströnd landsins og er nú komin vestur fyrir Vestmannaeyjar. Afar góð veiði var á miðunum á mánudag og fylla skipin sig á skömmum tíma.

Í frétt Síldarvinnslunnar segir frá því að í gær voru Polar Amaroq og Vilhelm Þorsteinsson á sama tíma á leið til Helguvíkur með fullfermi auk þess sem Birtingur var sneisafullur á leið til Seyðisfjarðar. Eins var Beitir NK á leið til Neskaupstaðar með fullfermi og Bjarni Ólafsson kom til hafnar síðdegis.

Byrjað var að frysta loðnu úr Bjarna Ólafssyni um leið og hann kom til hafnar og er gert ráð fyrir að enn sé mögulegt að framleiða á Japansmarkað. Hrognafylling loðnunnar er um og yfir 20% um þessar mundir og því er þess ekki langt að bíða að hrognavinnsla hefjist.

Aflastöðulisti Fiskistofu sýnir að 41% íslenska kvótans er komið á land eða um 160.000 tonn af 390.000 tonna aflamarki. - shá



**Í NORÐFJARÐARHÖFN** Skipin koma eitt af öðru til hafnar með góðan afla. MYND/KRISTÍN SVANHVÍT













Umboðsaðilar:

| GE Bílar | Bílasalan Bílás | Bílasala Akureyrar | Bílaverkstæði Austurl. | iB ehf. |
|---|---|---|---|---|
| Reykjanesbæ | Akranesi | Akureyri | Egilsstöðum | Selfossi |
| www.bilahusid.is | www.bilas.is | www.bilaka.is | www.bva.is | www.ib.is |
| 420 0400 | 431 2622 | 461 2533 | 470 5070 | 490 9090 |

HYUNDAI

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

## SVONA ERUM VIÐ



**97% íbúa landsins teljast til reglulegra netnotenda.**

**Er það hæsta hlutfall sem mælist í Evrópu.**

Meðaltal reglulegra netnotenda í löndum Evrópusambandsins er 75%.

Maður á sextugsaldri hóf skothríð á veitingastað í bænum Uherzy Brod í gær:

# Banaði átta og fyrirfór sér síðan

**TÉKKLAND** Átta manns biðu bana þegar karlmaður á sextugsaldri hleypti af skotvopni á veitingastað í Uherzky Brod í Tékklandi í gær.

Á vef BBC í gær kom fram að maðurinn gekk inn á veitingastað í bænum og hóf skothríð í allar áttir áður en að hann beindi byssunni að sjálfum sér og svipti sig lífi.

Nokkrir særðust í árásinni og þar af særðist ein kona alvarlega eftir að hafa fengið byssuskot í bringuna. Árásin átti sér stað um hádegisbil og um tuttugu manns voru viðstaddir á veitingastaðnum, sjónarvottar telja að maðurinn hafi hleypt af 25 skotum.

Borgarstjóri Uherzky Brod, Patrik Kuncar, segir að árásarmaðurinn hafi verið íbúi í bænum og að hann hafi verið einn að verki. Yfirvöld telja að ekki sé um skipulögð hryðjuverk að ræða heldur um einfara. Ekki er vitað hvað manninum gekk til með árásinni.

Uherzky Brod er í suðaustanverðu Tékklandi. - srs



**VETTVANGUR GLÆPSINS** Átta manns létust í skotárás á veitingastað í Tékklandi í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Neytendastofa bannar lén:

# Heklakef.is er óleyfilegt lén

**VIÐSKIPTI** Neytendastofa hefur bannað K.Steinarssyni ehf. að nota lénið heklakef.is. Hekla hf. kvartaði til stofunnar og taldi lénið brjóta gegn vörumerkjarétti fyrirtækisins.

K. Steinarsson hefur haft lénið skráð nú á þrettánda ár. Neytendastofa taldi að fyrirtækin væru keppinautar á sama markaðssvæði og því væri falin nokkur ruglingshætta í notkun lénsins. Fyrirtækið K. Steinarsson hefði ekki lögmæta hagsmuni af því að nota lénið. - sa



**VERÐLAUNAHAFAR** Klúbburinn Geysir hlaut aðalverðlaunin í fyrra, 1,2 milljónir króna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Lokafrestur tilnefninga:

# Samfélagsverðlaun í 10. sinn

**SAMFÉLAG** Frestur til að skila tilnefningum til Samfélagsverðlauna Fréttablaðsins rennur út á morgun, fimmtudag. Til greina koma allir sem hafa lagt sitt af mörkum til að bæta íslenskt samfélag, jafnt þekktir sem óþekktir einstaklingar eða félagasamtök.

Verðlaunin verða veitt í tíunda sinn í vor og eru veitt í fimm flokkum, Hvunndagshetjan, Frá kynslóð til kynslóðar, Til atlögu gegn fordómum, Heiðursverðlaun og Samfélagsverðlaunin.

Tilnefningar má senda senda á visir.is/samfelagsverdlaun. - ibs

Minnst 28 manns slösuðust:

# Lest fór af sporinu í Kaliforníu

**KALIFORNÍA** Í það minnsta 28 slösuðust en enginn lést þegar lest fyrirtækisins Metrolink fór út af sporinu skammt frá Los Angeles í Bandaríkjunum í gærmorgun. Lestin rakst á flutningabíl sem stóð á járnbrautarteinunum.

Bílstjóri flutningabílsins flúði af vettvangi en fannst skömmu síðar ómeiddur og var umsvifalaust settur í gæsluvarðhald.

Fjórir lestarvagnar fóru út af sporinu og lágu á hliðinni þegar sjúkraflutningamenn mættu á staðinn. Samgönguyfirvöld í Bandaríkjunum eru með málið til rannsóknar. - srs

# Innanríkisráðherra vill taka á hættulegum hælisleitendum

Sjaldgæft er að hætta stafi af hælisleitendum. Oftast má leysa slík mál með aðstoð geðlækna og sálfræðinga að sögn forstjóra Útlendingastofnunar. Ólöf Nordal innanríkisráðherra vill úrræði fyrir hættulega hælisleitendur.

**SAMFÉLAG** Móttökustöð vantar fyrir hælisleitendur hér á landi, að sögn Þorsteins Gunnarssonar, starfandi forstjóra Útlendingastofnunar. Slík úrræði séu til staðar í grannríkjum okkar. Slík móttökustöð yrði afar gagnleg til að greina aðstæður þeirra sem hingað koma.

Tveimur hælisleitendum sem lögregla telur hættu stafa af verður vísað úr landi til Danmerkur. Áður hafði Hæstiréttur hafnað að úrskurða þá í gæsluvarðhald. Annar þeirra hótaði ofbeldisverkum.

„Það sem vantar og er til skoðunar er að hafa eina komugátt inn í kerfið þar sem lögð er áhersla á að greina aðstæður hælisleitenda og átta sig á aðstæðum þeirra þannig að það sé hægt að taka á þeim strax með viðeigandi hætti,“ segir Þorsteinn. Slík leið hugnist stofnuninni hér vel og auðveldi ákvarðanatöku um hvaða þjónustu sé þörf og hvaða búsetuúrræði henti. „Það sem öll grannríki okkar eiga sameiginlegt er að þar er yfirleitt ein móttökugátt fyrir umsóknir um hæli.“ Þar hefjist hælisumsóknarferlið og slíkan stað vanti hér.

Þorsteinn minnir á að langstærstur hluti hælisleitenda sé friðsemdarfólk. „Við leggjum mikla áherslu á að þetta er fólk sem er í viðkvæmri stöðu og á um sárt að binda. Að langstærstum hluta eru þetta friðsamir einstaklingar sem eru samvinnuþýðir stjórnvöldum.“ Hins vegar geti komið upp eitt og eitt mál, þar sem geti verið áskorun að þjónusta fólk.

Þorsteinn segir engar tölur til um hversu margir hælisleitendur hafi komið hingað til lands sem taldir hafi verið hættulegir. Víst sé að þeir séu afar fáir. „Þetta eru mjög fá mál á ársgrundvelli. Flest mála þar sem hælisleitandi sýnir ógnandi hegðun má leysa með aðstoð geðlækna. Oftast er um sjálfskaðandi hegðun að ræða sem á sér rætur í erfiðleikum þeirra. Þetta er viðkvæmur hópur. Það er mikilvægt að halda því til haga.“

Í innanríkisráðuneytinu er verið að skoða málefni hælisleitenda sérstaklega í því skyni að finna leiðir til úrbóta.

„Daglega er verið að vinna í þessum málum og við erum langt komin með að bæta kerfið er varðar móttöku hælisleitenda,“ segir Ólöf Nordal innanríkisráðherra. Hún segir mikilvægt að um leið og fólk komi til landsins fari af stað skoðun og greining á aðstæðum þess, bæði til að tryggja öryggi fólksins sjálfs og samfélagsins. Í því sambandi megi benda á nauðsyn þess að sérstök úrræði séu fyrir hendi fyrir fólk sem hætta gæti stafað af.

Ráðherra bendir á að við komu hælisleitenda til landsins taki á móti þeim sérfræðingar Útlendingastofnunar, Ríkislögreglustjóra og fleiri sem leita þurfi til, svo sem félagsráðgjafar.

„Upp til hópa er um að ræða venjulegt fólk sem barist hefur við erfiðar aðstæður en úrræði fyrir einstaklinga sem hætta er talin stafa af þarf vitanlega að vera til staðar og er það liður í þeirri vinnu okkar hér,“ segir Ólöf.

kristjanabjorg@frettabladid.is




**MÓTMÆLI HÆLISLEITENDA Í NÓVEMBER 2013** Ólöf Nordal innanríkisráðherra segir þörf á úrræðum fyrir einstaklinga sem hætta stafar af en minnir á að upp til hópa sé um að ræða venjulegt fólk sem barist hafi við erfiðar aðstæður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**„Upp til hópa er um að ræða venjulegt fólk sem barist hefur við erfiðar aðstæður en úrræði fyrir einstaklinga sem hætta er talin stafa af þarf vitanlega að vera til staðar.**

*Ólöf Nordal innanríkisráðherra.*



KOMONO
Winston Regal
**18.990.-**

**HÚRRA REYKJAVÍK**

**HVERFISGATA 50 | 101 REYKJAVÍK | 571 7101 | WWW.HURRAREYKJAVIK.IS**

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 19° | Friedrichshafen | 5° | New York | 0° |
| Aþena | 15° | Gautaborg | 5° | Orlando | 25° |
| Basel | 13° | Kaupmannahöfn | 5° | Ósló | 5° |
| Berlín | 8° | Las Palmas | 21° | París | 10° |
| Billund | 6° | London | 11° | San Francisco | 16° |
| Frankfurt | 7° | Mallorca | 19° | Stokkhólmur | 4° |




**Á MORGUN** Norðan 18-28 m/s hvassast NV-til en mun hægari eystra.




**FÖSTUDAGUR** 5-10 m/s, hvessir V-til síðdegis.

**AFLEITT FERÐAVEÐUR** Veður fer versnandi með morgninum og verður líklega í hámarki upp úr hádegi og fram á miðjan dag um sunnan- og vestanvert landið. Dregur smám saman úr vindi og úrkomu en stormur á Vestfjörðum fram á morgundaginn.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

heimkaup.is

# Haltu áfram!

**Ekki gleyma áramótaheitinu!**
Við stöndum með þér og ætlum að setja allt sem þú þarf til að komast í form fyrir sumarið á **Tax-Free tilboð**!



Nike leggings nú frá 7.895,-

Nike brúsar nú frá 1.202,-

Verð nú 4.750,-

Verð nú 9.105,-



Nike bolir nú frá 3.672,-

Verð nú 5.557,-

Verð nú 5.637,-

Verð nú 2.151,-

Verð nú 6.283,-

Verð nú 2.815,-



SKLZ



Nike bolir nú frá 2.792,-

**TAX FREE**

**Íþróttaföt, skór, lóð, líkamsræktarvörur, vítamín, fæðubótarefni og fleira!**

**Nike, Under Armour, Adidas, SKLZ, Cross, Polar, Now, Optimum Nutrition ofl.**



Teygjur verð nú frá 1.997,-

Verð nú 1.605,-

Verð nú 4.024,-

Verð nú 5.301,-

Verð nú 10.880,-

Verð nú 11.283,-

Verð nú frá 637,-

Verð nú 4.831,-

Verð nú 9.347,-

Verð nú 2.331,-

Verð nú 2.411,-



Under Armour hlýrabolir nú frá 2.976,-



Under Armour renndir langermabolir verð nú frá 5.637,-

Verð nú 16.122,-

Verð nú 19.348,-

Verð nú 14.186,-

Verð nú 16.122,-



Under Armour hlýrabolir nú frá 3.863,-

Öll tilboð eru birt með fyrirvara um myndabrengl og uppseldar vörur. Tax-Free tilboð jafngildir 19.35% afslætti af flestum vörum en 9.9% af þeim sem eru í 11% skattþrepi.

## Heimkaup.is er stærsta netverslun á Íslandi!

**Öryggi - ekkert mál að skila eða skipta**

Augljós kostur við að versla við innlenda risavefverslun og vöruhús eins og Heimkaup.is er að ekkert mál er að skila eða skipta ef upp koma vandamál.

**Hægt að greiða við afhendingu**

Ólíkt mörgum netverslunum býðst þér einnig að greiða með peningum eða korti við afhendingu vörunnar. Öruggara verður það ekki.

**Frí heimsending samdægurs**

Pantaðu fyrir kl. 17[00] og við sendum frítt heim samdægurs á höfuðborgarsvæðinu – næsta dag víðast hvar á landsbyggðinni. Frítt ef pantað er fyrir 4.000.- eða meira.

**Heimkaup.is**

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / 5502700

HEIMKAUP

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað voru margir skráðir í nám við tölvunarfræðideildir HÍ og HR í fyrra?
**2.** Hvað stunda nú mörg uppsjávarskip loðnuveiðar?
**3.** Hvaða bæjarstjóri kvaðst óttast að fulltrúar minnihlutans reyndu að finna spillingu og skapa tortryggni?

**SVÖR:**
**1.** 1.604. **2.** 24. **3.** Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ.

Eygló Harðardóttir staðfestir að engin heildarlög gegn kynþáttamisrétti séu í smíðum hér:

# Fagnar aðfinnslum Evrópunefndarinnar

**MANNRÉTTINDI** „Við höfum verið að vinna í samræmi við þetta og vonum að það gangi vel fyrir sig,“ segir Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, um athugasemdir Evrópunefndar gegn kynþáttamisrétti, ECRI.

Nefndin gagnrýnir íslensk stjórnvöld meðal annars fyrir að hafa ekki fylgt eftir tilmælum um að hér verði sett lög gegn kynþáttamisrétti.

Eins og skýrt var frá í Fréttablaðinu í gær hafði ráðuneyti Eyglóar, í svari til nefndarinnar í haust, boðað tvö frumvörp nú fyrir áramótin síðustu en þau hafa enn ekki séð dagsins ljós. Eygló segir frumvörpin komin á málaskrá þings og þau verði vonandi lögð fram fljótlega.

„Það hefur tekið ákveðinn tíma að vinna frumvörpin, en við reynum að vinna þetta eins hratt og vel og við getum,“ segir Eygló, en staðfestir jafnframt að ekki sé verið að vinna að neinni heildarlöggjöf um kynþáttamisrétti.

Nefndin gagnrýnir að þessi tvö fyrirhuguðu frumvörp, sem lýst var efnislega í svörum ráðuneytisins til nefndarinnar í haust, gangi ekki nógu langt.

„Ég tel það mjög skiljanlegt að þau vilji sjá okkur ganga mun lengra, en um leið tel ég að þessi frumvörp yrðu stórt skref fram á við fyrir okkur og væru mikil réttarbót,“ segir Eygló. „Síðan má skoða að bæta við fleiri þáttum þegar reynsla er komin á þetta.“ - gb



**EYGLÓ HARÐARDÓTTIR** Félagsmálaráðherra segir frumvörpin tvö verða stórt skref fram á við. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Kynna sér Reykjavík í kalsaveðri



**STALDRAÐ VIÐ Í HAFNARSTRÆTI** Þessi hópur erlendra ferðamanna lét ekki snjómuggu og kalsa aftra sér frá að njóta þjónustu Reykjavik City Walk, um tveggja tíma leiðsögn um Reykjavík, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


EFTIR KL. 17:00 ER 10%
AF ÖLLU Á MATSEÐLI
banthai.is/menu_nanathai
na na thai
Skeifan 4, 108 Rvk. • S : 588-1818 • nanathai@yummy.is





Portofino & Cinque Terre
13. - 20. júní
Spennandi gönguferð um tvær af fallegustu gönguleiðunum við Miðjarðarhafið, Portofino skagann og Cinque Terre ströndina. Göngurnar eru við allra hæfi og einungis verður gengið með dagpoka.
Verð: 244.400 kr. á mann í tvíbýli.
Mjög mikið innifalið!
Fararstjóri: Guðrún Sigurðardóttir

Bókaðu núna á baendaferdir.is
Sími 570 2790
bokun@baendaferdir.is
Síðumúla 2, 108 Reykjavík
ferðaþjónusta bænda
BÆNDAFERÐIR


# Spyrja EFTA um innflutning á hráu kjöti

Ferskar kjötvörur ehf. hafa höfðað bótamál á hendur ríkinu vegna tjóns sem fyrirtækið varð fyrir þegar innflutningi á 83 kílóum af ferskum, hráum nautalundum var synjað. Leitað verður álits EFTA-dómstólsins um lögmæti synjunarinnar.

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur heimilaði í gær að leitað yrði álits EFTA-dómstólsins um hvort hömlur á innflutningi á fersku, hráu nautakjöti séu í andstöðu við EES-samninginn.

Fyrirtækið Ferskar kjötvörur ehf. höfðaði skaðabótamál gegn íslenska ríkinu vegna tjóns sem fyrirtækið telur sig hafa orðið fyrir þegar því var synjað um leyfi til innflutnings á 83 kílóum af hollenskum nautalundum í febrúar 2014.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra heimilaði innflutninginn að því tilskildu að kjötinu fylgdu staðfestingar og vottorð um til dæmis að vörurnar hefðu verið geymdar í minnst -18°C í einn mánuð fyrir tollafgreiðslu. Þar sem kjötið var ófryst var eðli málsins samkvæmt ógerlegt að skila inn vottorði um að kjötið hefði verið fryst.

Matvælastofnun hafnaði því að heimila innflutninginn af þessari ástæðu og þar með neitaði tollstjóri að tollafgreiða kjötið, sem í kjölfarið skemmdist.

Arnar Þór Stefánsson hæstaréttarlögmaður, sem flytur málið fyrir hönd Ferskra kjötvara, segir að sambærilegar spurningar hafi ekki áður verið lagðar fyrir EFTA-dómstólinn um innflutning á kjöti.

„Það er hagsmunamál fyrir neytendur í landinu að fá að neyta fersks kjöts sem er flutt inn ferskt en ekki frosið.,“ segir Arnar Þór.

Meðal þeirra spurninga sem lagðar verða fyrir EFTA-dómstólinn í málinu eru hvort hömlur á fersku hráu, kjöti svo sem þær sem fram koma í lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim séu í andstöðu við tilskipun EES um dýraheilbrigðiseftirlit í viðskiptum innan bandalagsins. Sérstaklega er óskað eftir leiðbeiningum um hvenær hömlur við innflutningi á hráu kjöti geti réttlæst af sjónarmiðum um verndun lífs og heilsu manna og dýra.

Þá er óskað eftir áliti á hvort það brjóti í bága við samninginn að krefjast þess að innflytjandi hrás kjöts sæki um leyfi til ráðherra áður en hann flytur inn vöru sína og leggi fram, til umsagnar Matvælastofnunar, aðflutningsskýrslu, upplýsingar um uppruna- og framleiðsluland vörunnar, tegund vöru og framleiðanda auk tilskilinna vottorða.

fanney@frettabladid.is



**Í KJÖTBORÐINU** Fyrirtækið Ferskar kjötvörur ehf. telur það brjóta gegn EES-samningnum að synja því um að flytja inn ferskt nautakjöt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



> Það er hagsmunamál fyrir neytendur í landinu að fá að neyta fersks kjöts sem er flutt inn ferskt en ekki frosið.
>
> *Arnar Þór Stefánsson hæstaréttarlögmaður.*

Bæjarfulltrúi Framsóknar í Reykjanesbæ tekur undir með M-lista í Garðabæ:

# Óþolandi lýðræði meirihlutans

**SVEITARSTJÓRNIR** „Það er óþolandi lýðræði og ekki í anda nýrra sveitarstjórnarlaga að tilnefning áheyrnarfulltrúa sé háð túlkun pólitískra andstæðinga,“ segir Kristinn Þór Jakobsson, eini bæjarfulltrúi Framsóknar í Reykjanesbæ, vegna umræðu um áheyrnarfulltrúa í ráðum og nefndum.

Líkt og fulltrúar minnihlutaframboða í Garðabæ gerðu eftir síðustu kosningar óskaði Kristinn eftir því að fá áheyrnarfulltrúa í ýmsum fagráðum Reykjanesbæjar en því var synjað. Hann segir ótækt að sveitarstjórnarlögin séu þannig að meirihlutinn í hverri sveitarstjórn geti ákveðið eftir sínum hentugleika hvort litlu framboðin fái áheyrnarfulltrúa eða ekki.

„Þannig að lýðræðið er háð túlkun meirihlutans. Það eru svona vinnubrögð sem koma í veg fyrir aukið lýðræði og gegnsæi og traust innan bæjarstjórnar.“

Að sögn Kristins missir hann af allri umræðu um flest mál því hún fari fram í fagráðunum áður en þau komi til bæjarstjórnar. „En ég kreisti það út að fá aðgang að öllum skjölum sem fylgja nefndarfundunum en þannig var það ekki áður.“

Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Garðabæ, sagði í samtali við Fréttastofu í gær að launakostnaður og samskiptaörðugleikar við M-lista í Garðabæ væru ástæður þess að framboðið fengi ekki áheyrnarfulltrúa í nefndum bæjarins.

Þá bendir Gunnar á að engar fastmótaðar reglur séu um áheyrnarfulltrúa í lögum. „Í fyrsta lagi þá hefur lýðræðið talað og M-listinn hefur ekki fengið það kjörgengi að eiga fulltrúa í þessum nefndum. Í öðru lagi þá viljum við ekki blása út báknið. Síðan hefur þessi samstarfsvilji ekki verið til staðar við M-listann,“ segir Gunnar. - gar, khn



> lýðræðið er háð túlkun meirihlutans. Það eru svona vinnubrögð sem koma í veg fyrir aukið lýðræði og gegnsæi og traust innan bæjarstjórnar.
>
> *Kristinn Þór Jakobsson, bæjarfulltrúi Framsóknar í Reykjanesbæ.*



**GUNNAR EINARSSON**



# STYRKTU STÖÐU ÞÍNA

## NÁMSKEIÐ Á NÆSTUNNI

ENN FLEIRI NÁMSKEIÐ Á ENDURMENNTUN.IS

### STJÓRNUN OG FORYSTA

Ertu að grínast? Námskeið í trúðatækni til að efla leiðtoga- og samskiptahæfni
Snemmskráning til og með 1. mars

Sáttamiðlun fyrir stjórnendur
Snemmskráning til og með 3. mars

Stjórnun og leiðtogahæfni – í anda þjónandi forystu
Snemmskráning til og með 7. mars

Mastermind hópar innan fyrirtækja: Form og ávinningur
Snemmskráning til og með 7. mars

Finding Your Best Self: The Power of Mindfulness + Signature Strengths
Snemmskráning til og með 7. mars

Góðir fundir
Snemmskráning til og með 7. mars

Fjarvistastjórnun: Áhrif veikindafjarvista á vinnustað og aðgerðir til úrbóta
Snemmskráning til og með 14. mars

### PERSÓNULEG HÆFNI

Ákveðni þér til handa: Ég-boð fyrir foreldra
Snemmskráning til og með 1. mars

Vönduð íslenska - stafsetning og greinarmerki
Snemmskráning til og með 2. mars

Skáldleg skrif
Snemmskráning til og með 8. mars

Furðusögur — skapandi skrif
Snemmskráning til og með 13. mars

### HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Teymisvinna: Stjórnun og starf í teymum
Snemmskráning til og með 28. febrúar

Hugræn atferlismeðferð við kvíða hjá fullorðnum
Snemmskráning til og með 13. mars

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð
Snemmskráning til og með 14. mars

### MENNING

Spennandi sýn á frönsku Rívíeruna – annað og meira en okkur grunar
Snemmskráning til og með 8. mars

Kína og seinni heimsstyrjöldin
Snemmskráning til og með 9. mars

Hvað eru furðusögur?
Snemmskráning til og með 14. mars

### STARFSTENGD HÆFNI

Mastering the Complex Sale. Skills and Disciplines for Winning High-Stakes Sales in a Complex and Evolving Market
Snemmskráning til og með 6. mars

Samningatækni
Snemmskráning til og með 6. mars

Móttaka nýliða á vinnustað
Snemmskráning til og með 10. mars

Tímastjórn - til bættra lífsgæða
Snemmskráning til og með 13. mars

Innri úttektir fyrir stofnanir og fyrirtæki
Snemmskráning til og með 14. mars

Word ritvinnsla - fyrir lengra komna
Snemmskráning til og með 15. mars

### UPPELDI OG KENNSLA

Sögur gleðja hjartað - Að nota sögur sem kennsluaðferð
Snemmskráning til og með 2. mars

Kvíði barna og unglinga - fagnámskeið
Snemmskráning til og með 3. mars

Vísindi í leikskólastarfi
Snemmskráning til og með 6. mars

### FJÁRMÁL OG REKSTUR

Greining ársreikninga
Snemmskráning til og með 6. mars

Excel PowerPivot
Snemmskráning til og með 9. mars

Gerð rekstraráætlana - Tekjuöflun (sala og markaðsmál)
Snemmskráning til og með 15. mars

Valuation and Financial Modeling
Haldið 18. mars

Behavioral Finance: The Role of Greed and Fear in Financial Markets
Haldið 19. mars

### VERKFRÆÐI OG TÆKNIFRÆÐI

Þök og þakfrágangur
Snemmskráning til og með 7. mars

Gerð kostnaðaráætlana bygginga
Snemmskráning til og með 8. mars

Skilvirk ferlarit með BPMN - grunnþekking
Snemmskráning til og með 16. mars

### FERÐAÞJÓNUSTA

Uppbygging ferðamannastaða
Snemmskráning til og með 3. mars

**SNEMMSKRÁNING VEITIR AFSLÁTT OG LÝKUR TÍU DÖGUM ÁÐUR EN NÁMSKEIÐ HEFST**

Nánari upplýsingar og skráning: sími 525 4444 endurmenntun.is

ENDURMENNTUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Genuine Parts®



20% AFSLÁTTUR
BREMSUVÖRUR OG BREMSUVINNA VIÐ HEKLUBÍLA

BREMSAÐU AF ÖRYGGI

Renndu við hjá **HEKLU** við Laugaveg og við skiptum um bremsuklossa/bremsudiska á meðan þú bíður.

Hjá **HEKLU** er óþarfi að panta tíma fyrir smærri viðgerðir. Ef þú vilt ekki bíða skilur þú bílinn eftir hjá okkur og við skutlum þér þangað sem þú vilt fara – og sækjum þig aftur!

Das Auto. ŠKODA Audi MITSUBISHI MOTORS Laugavegi 170-174 · Sími 590 5000 · hekla.is HEKLA

Tvö ný skip í smíðum hjá Celiktrrans Deniz Insaat Ltd.:

# HB Grandi lýkur fjármögnun

**SJÁVARÚTVEGUR** HB Grandi hefur gengið frá lánsfjármögnun vegna tveggja nýrra uppsjávarskipa, ásamt endurfjármögnun eldri langtímalána að upphæð 11,5 milljarðar króna.

Tyrkneska skipasmíðastöðin Celiktrans Deniz Insaat Ltd. annast smíði skipanna sem áætlað er að verði afhent á þessu ári. Fyrra skipið mun leysa af hólmi tvö 55 ára gömul uppsjávarskip, Víking AK 100 sem þegar hefur verið lagt og Lundey NS 14. Munu hin nýju skip bera heitin Venus NS 150 og Víkingur AK 100. Að kaupunum loknum lækkar meðalaldur skipastóls félagsins úr 33 árum í 23. **- shá**



**NÝR VENUS** Leysa af tvö 55 ára gömul uppsjávarskip; Víking og Lundey. MYND/HBGRANDI



**Í HEIMSÓKN HJÁ TÓNSKÁLDI** Í gærmorgun skrapp Alexis Tsipras, forsætisráðherra Grikklands, í heimsókn til tónskáldsins þekkta, Mikis Theodorakis. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Grikkir fá grænt ljós á sparnaðinn

Evruríkin hafa fallist á sparnaðaráform grískra stjórnvalda. Eftirgjöf grísku stjórnarinnar gagnvart ESB hefur samt valdið erfiðum ágreiningi innan SYRIZA.

**GRIKKLAND** Ráðherrar evruríkjanna samþykktu í gær áform grísku stjórnarinnar um sparnað og umbætur í ríkisrekstri. Enn á þó eftir að staðfesta þetta samþykki í hverju ríki fyrir sig, oft með atkvæðagreiðslu í þjóðþingum.

Í staðinn fá Grikkir allt að fjögurra mánaða framlengingu á efnahagsaðstoð, sem annars hefði runnið út nú um mánaðamótin næstu. Christine Legarde, yfirmaður Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, segir þó margt óljóst í áformum Grikkja. Frekari skýringar þurfi og tryggingar fyrir því að staðið verði við þessi áform.

Áform Grikkja snúast einkum um að útrýma spillingu og skattaundanskotum ásamt sparnaði í ríkisrekstri. Sparnaðinum á að ná fram með því að fækka ráðuneytum úr 16 í tíu, fækka ráðgjöfum og frysta viðbótargreiðslur til æðstu embættismanna. Umfram allt á sparnaðurinn þó ekki að bitna á launum og lífeyri.

Auk þessa ætla Grikkir að gera breytingar á skattkerfinu og tollum. Stofnað verður sérstakt fjármálaráð sem á að fylgjast grannt með öllum ríkisútgjöldum.

Gríska stjórnin, sem komst til valda eftir stórsigur vinstriflokksins SYRIZA í þingkosningum fyrir mánuði, hefur þó þurft að gefa verulega eftir.

Bæði í kosningabaráttunni og fyrst eftir stjórnarmyndun höfðu leiðtogar stjórnarinnar, þeir Alexis Tsipras forsætisráðherra og Janis Varúfakis fjármálaráðherra, uppi stór orð. Þeir kröfðust þess að allt að þriðjungur skulda gríska ríkisins yrði felldur niður og afborganir gerðar léttari svo ríkið gæti aukið útgjöld sín til að koma til móts við almenning, sem strangar niðurskurðaraðgerðir síðustu ára hafa bitnað hart á.

Lítið er eftir af þeim kröfum nú, þegar þessi málamiðlun er í höfn. Þeir sem lengst eru til vinstri í SYRIZA eru harla ósáttir og óvíst um stuðning þeirra við stjórnina.

Stjórnin gerir sér líka grein fyrir að þetta er aðeins fyrsta skrefið: „Við höfum fengið nokkrar vikur,“ segir í tilkynningu frá gríska fjármálaráðuneytinu. „Þetta er bara eitt skref, en í réttu áttina.“

Skuldir gríska ríkisins nema nú 175 prósentum af landsframleiðslunni en frá upphafi kreppunnar hefur orðið 25 prósent samdráttur á efnahag landsins.

Atvinnuleysi í Grikklandi er enn í 25 prósentum. Meðal ungmenna er atvinnuleysið 50 prósent.

**gudsteinn@frettabladid.is**

**175%**

af landsframleiðslu eru skuldir gríska ríkisins. Frá upphafi yfirstandandi kreppu í landinu hefur orðið 25 prósenta samdráttur á efnahag landsins. Þá stendur atvinnuleysi enn í 25 prósentum í landinu. Einn af hverjum fjórum er án vinnu og helmingur ungmenna.

Öryggisíbúðir Eirar til leigu í Grafarvogi Reykjavík





Vandaðar öryggisíbúðir Eirar til leigu í Grafarvogi, Reykjavík.

**Eirborgir**, Fróðengi 1—11, 112 Reykjavík.

**Eirarhús**, Hlíðarhúsum 3—5, 112 Reykjavík.

- Rólegt og notarlegt umhverfi með aðgengi að metnaðarfullri aðstöðu og þjónustu með það að markmiði að einstaklingurinn geti búið lengur heima.
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn.
- Aðgengi að mötuneyti og félagsmiðstöð.
- Góðar gönguleiðir í nágrenninu.

**Nánari upplýsingar í síma 522 5700 virka daga milli kl. 8 og 16 og í gegnum netföngin: edda@eir.is, sveinn@eir.is**

EIR Eir öryggisíbúðir ehf.
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík. ☎ 522 5700
milli 8:00 og 16:00 virka daga.

Vissir þú að...
börn eiga rétt á að leika sér
Barnaheill Save the Children á Íslandi

KREDITKORT



# Í BETRI STOFUNNI

Njóttu ferðalagsins með Business og Premium Icelandair American Express®.
Þú getur slakað á í betri stofunni í Leifsstöð þegar þú flýgur með áætlunarflugi Icelandair.




Kynntu þér kostina á kreditkort.is




*Kortið sem kemur þér út*

AMERICAN EXPRESS

Kortið er gefið út af Kreditkort í samræmi við veitta heimild frá American Express. American Express er skrásett vörumerki American Express.

# Hættustig fært úr litlu í meðalhættu

Óvissa ríkir vegna hættu af hryðjuverkaógnum hér á landi að mati ríkislögreglustjóra. Sérsveit Ríkislögreglustjóra kölluð út 227 sinnum frá 2011. Erlendir bardagamenn hafa haft viðkomu hér á landi á leið til bardaga í Mið-Austurlöndum.

**ÞJÓÐARÖRYGGI** Óvissa er um hættu vegna hryðjuverkaógna hér á landi. Greiningardeild Ríkislögreglustjóra metur svo að hækka þurfi hættustig vegna hryðjuverkaógna úr lágu stigi yfir í hættu í meðallagi. Þetta kemur fram í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra um mat á hættu af hryðjuverkum og öðrum stórfelldum árásum.

Í skýrslunni segir að hætta í meðallagi þýði að almennt er talið að ekki sé hægt að útiloka hættu á hryðjuverkum vegna ástands innanlands eða í heimsmálum.

Greiningardeildin segir að hækkun á hættumati stafi af ýmsum ástæðum, til að mynda aukinni hryðjuverkaógn í Evrópu og Norðurlöndunum, aukinni nærveru öfga- og hryðjuverkahópa á internetinu og vegna skorts á upplýsingum og úrræðum til að koma í veg fyrir hryðjuverk. Í skýrslunni kemur fram að lögregla sé vanbúin til að takast á við hryðjuverkaógnir og stuðla að fyrirbyggjandi aðgerðum.

Ein tillaga Ríkislögreglustjóra er að úrbótum er að fjölga í lögregluliðinu og efla búnað þess en þess ber að geta að sérsveit Ríkislögreglustjóra er eina vopnaða lögreglusveit landsins. Frá því í janúar 2011 til janúar 2015 hefur sérsveitin verið kölluð 227 sinnum út vegna tilkynninga til lögreglu. Öll þau verkefni kröfðust þess að beita þyrfti vopnuðum liðsafla þar sem upplýsingar lágu fyrir um að vopnaðir menn væru á ferð.

Þá er talin aukin hætta á áróðri af hálfu hryðjuverkahópa en öfgahópar nota internetið í meiri mæli til að ná til fólks víða um heim. Slík aðferð er talin vera kveikjan að því að einangraðir einstaklingar fremji ódæði á Vesturlöndum í nafni öfgasamtaka en talið er að nýleg ódæði í Sydney og París hafi verið af slíkum toga.



**SÉRSVEITIN AÐ STÖRFUM** Fram kemur í skýrslu Ríkislögreglustjóra að sérsveit embættisins frá 2011 hafi að jafnaði verið kölluð út sjötta hvern dag. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Gegnumstreymi nefnt í skýrslu

Í skýrslu Ríkislögreglustjóra með uppfærðu mati vegna hryðjuverkaógnar sem út kom síðdegis í gær kemur fram að Ísland hafi verið notað sem gegnumstreymisland fyrir erlenda vígamenn sem ferðast frá Norður-Ameríku til Mið-Austurlanda. Tillaga Ríkislögreglustjóra er að sett verði lög sem banna fólki að ferðast erlendis til þátttöku sem erlendir bardagamenn.

Helsta tillaga Ríkislögreglustjóra snýr að auknum rannsóknarheimildum til að tryggja viðunandi upplýsingaöflun. Þá sagði Ólöf Nordal innanríkisráðherra fyrr í mánuðinum að skoða þyrfti hvort veita ætti lögreglu auknar rannsóknarheimildir.

\- srs


## Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands svf. verður haldinn á Goðalandi Fljótshlíð, föstudaginn 20. mars 2015 og hefst kl. 15:00.

Dagskrá:
1. Aðalfundarstörf samkvæmt 24. gr. samþykkta félagsins.
2. Önnur mál.

Tillögur frá félagsaðilum sem bera á fram á aðalfundi þurfa að vera komnar skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Framboð til stjórnar og varastjórnar skal hafa borist skriflega í hendur stjórnarinnar eigi síðar en þremur vikum fyrir aðalfund í samræmi við 2. mgr. 27. gr. samþykkta félagsins.

Reykjavík, 24. febrúar 2015.
**Stjórn Sláturfélags Suðurlands svf.**

REYKJAVÍKURBORG

Byggingarréttur



Lóðin Lambhagavegur 19 er til sölu

## Íbúð, gróðurhús og þjónustubyggingar

Reykjavíkurborg býður til sölu byggingarrétt á lóðinni Lambhagavegur 19.

Byggingarheimild er alls 2.474 fermetrar og nær hún til íbúðarhúss, gróðurhúss og þjónustubygginga (skemmur, áhaldahús og pökkunarhús). Íbúðarhúsnæði má ekki fara yfir 500 fermetra og þjónustubyggingar ekki yfir 592 fermetra. Á þeim fermetrum sem eftir standa er heimilt að byggja gróðurhús.

Tilboðsgjafi skal sýna fram á jákvæða eiginfjárstöðu með framlagningu endurskoðaðs ársreiknings síðasta árs eða ársreiknings ársins á undan ásamt árshlutareikningi vegna síðasta árs.

Tilboð í byggingarrétt skulu berast fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 4. mars. Þeim skal skila í þjónustuver Reykjavíkurborgar Borgartúni 12 - 14 í lokuðu umslagi merkt „Lambhagavegur 19“. Tilboð verða opnuð sama dag kl. 14:15 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Nánari upplýsingar og skilmálar eru á vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is/lodir

Reykjavíkurborg - skrifstofa eigna og atvinnuþróunar | s. 411 11 11

Reykjavikurborg ARKITEKTAFÉLAG ÍSLANDS RÚV

hugmyndasamkeppni.is




## Hugmyndasamkeppni um skipulag Efstaleitis

**Ríkisútvarpið og Reykjavíkurborg auglýsa eftir þátttakendum í forvali fyrir lokaða hugmyndasamkeppni um skipulag lóðar Ríkisútvarpsins við Efstaleiti. Samkeppnin er haldin í samstarfi við Arkitektafélag Íslands.**

**Hugmyndasamkeppnin felst í því að útfæra hugmyndir og tillögur að skipulagi lóðarinnar í samræmi við markmið í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010–2030. Sjá adalskipulag.is.**

**Leiðarljós, markmið og tilhögun samkeppninnar ásamt öllum nánari upplýsingum um lágmarkskröfur og hæfni þátttakenda koma fram í drögum að forsögn samkeppnislýsingar sem má sjá í PDF-skjali inna vefsíðunni hugmyndasamkeppni.is.**

**Áhugasamir skulu fylla út í skjal (forvalstöflu) sem er aðgengilegt inn á vefsíðunni og senda nafn/nöfn þátttakenda ásamt samantekt á þátttöku og árangri í öðrum samkeppnum og sambærilegum verkefnum til Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, skipulagsfulltrúa, Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík, merkt „RÚV – lóðin hugmyndasamkeppni, forvalsnefnd“ fyrir lok dags, 9. mars 2015.**



ÁBYRGÐ 5 ÁRA
á öllum rafmagns- og mótordrifnum vörum
BAUHAUS

## BOSCH
### Hleðslubor-/skrúfvél
18 V. Með bitum, bor, skrúfum og raw-plugs. Í traustbyggðri tösku með nýrri hönnun; 2 x 1,5 Ah rafhlöður og hleðslutæki fylgja. 18 V rafhlöðurnar eru samhæfar við öll Bosch Power4All 18 V rafmagnsverkfæri og garðvélar.

**241 HLUTUR**
**29.995.-**
~~33.495.-~~



## RYOBI
### Bor-/skrúfvél með hleðslurafhlöðu
RCD18022A100. 18 volt, 0–1600 snún./mín., snúningsvægi 45 Nm, 2 gírar. 2 stk. 1,4 Ah litíum-ion rafhlöður og 1 klst. hleðslu-tæki fylgja, auk 100 aukahluta. Í tösku.

**100 HLUTIR**
**22.995.-**
~~32.995.-~~



# Mjög mikið úrval
## - á góðu verði



WISENT
### Verkfærataska
81 hlutir. Í settinu er topplyklasett, skrúfjárn, skralllyklar, hring-/gaffallyklar, hnífur, sög, hamar, málband, bitar og margs konar tangir.

**81 HLUTUR**
**14.995.-**
~~16.990.-~~



WISENT
### Verkfærataska
Inniheldur m.a. hamar, hníf, málband, skrúfjárn, hring-/gaffallykla, bita og margs konar tangir. 105 hlutir.

**105 HLUTIR**
**24.995.-**
~~33.990.-~~



WISENT
### Lyklasett
WIL 94 1/2" 1/4". 94 hlutir. Toppar 1/2 frá 10-32 mm. Toppar 1/4" frá 4-12 mm. Skralllykill, framlengingu skrúfbitahandfang og skrúfbitar.

**29.995.-**
~~36.990.-~~



## BOSCH
### Dynamic fjölnota sett, 10.8 V
Sett með 5 hleðsluverkfærum með 10,8 V li-ion rafhlöðum: Skrúfvél með 2 gírum, vinkilskrúfvél, höggskrúfvél, fjölnota skeri, ljós og 3 x 1,3 Ah-rafhlöður. Í tösku.

**4 VÉLAR**
**79.995.-**
~~96.995.-~~

Auglýst verð gildir frá fimmtudeginum 26. febrúar til og með laugardeginum 28. febrúar 2015.
Gildir á meðan birgðir endast.

# BAUHAUS®

BAUHAUS REYKJAVÍK - Lambhagavegur 2–4 - 113 Reykjavík - 515-0800 - info@bauhaus.is - www.bauhaus.is

Áskorun frá Héraðsbúum:

## Rögnunefndin ljúki sér fyrst af

**SAMGÖNGUR** „Ítrekuð er áskorun til borgarfulltrúa Reykjavíkur um að gefa svokallaðri „Rögnunefnd“ svigrúm til að ljúka vinnu sinni, áður en framkvæmdaleyfi verður gefið út [við Hlíðarenda í Reykjavík],“ segir í bókun bæjarráðs Fljótsdalshéraðs.

Bæjarráðið kveðst taka heils hugar undir bókun bæjarstjórnar Akureyrarbæjar um vinnubrögð borgarinnar í tengslum við málefni Reykjavíkurflugvallar og framkvæmdir á Hlíðarendasvæði. - gar



**EGILSSTAÐAFLUGVÖLLUR** Héraðsbúar taka undir með Akureyringum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eimskipafélagið verður stærst í vöruhúsaþjónustu í Árósum í Danmörku:

# Auka umsvif um 460 milljónir

**ATVINNULÍF** Eimskip hefur tekið yfir 15.500 fermetra vöruhús danska fyrirtækisins Damco í Árósum.

Eimskip starfrækir 6.000 fermetra vöruhús í Danmörku við hlið Damco og verður nýja vöruhúsið alls 21.500 fermetrar og Eimskip stærsti rekstraraðili í alhliða vöruhúsaþjónustu við höfnina.

Yfir 600.000 gámar fara um höfnina í Árósum á ári hverju og gerir það hana að næststærstu höfn Skandinavíu. Vöruhúsið er staðsett innan gámahafnar með beint aðgengi að höfninni.

Damco hefur starfrækt vöruhúsið í Árósum síðan árið 2003. Aðaláhersla hefur verið á hýsingu, pökkun, stórflutninga, umskipun, gámahleðslu, dreifingu, vörutínslu og merkingu.

Í kjölfar breytinganna verða starfsmenn Eimskips í vöruhúsinu 45 talsins og er áætlað að árleg velta Eimskips í Danmörku muni aukast um þrjár milljónir evra – eða 460 milljónir íslenskra króna. - shá



**Í ÁRÓSUM** Næststærsta höfn Skandinavíu þar sem 600.000 gámar fara um. MYND/EIMSKIP

HEILSUBORG
- Þín brú til betri heilsu



– Viltu hreyfa þig reglulega?
– Þarftu að fá aðstoð til að komast af stað?
– Viltu auka orkuna og fá meira út úr deginum?
– Viltu hreyfa þig í skemmtilegum félagsskap?
– Viltu fá stuðning og aðhald?

Ný námskeið að hefjast, tryggðu þitt sæti!

Ráðgjöf
Lyklaþjálfun
Start 16-25
Stoðkerfislausnir
Morgunþrek
Hreyfilausnir
Einstaklingsþjálfun
Aðhald íþróttafræðings
Kvennaleikfimi
Karlapúl
Í form fyrir golfið
Þjálfunaráætlun
Orkulausnir
Jóga
Sjúkraþjálfun



Hvaða hreyfing hentar þér?
Hafðu samband og fáðu fría ráðgjöf

www.heilsuborg.is Heilsuborg ehf. • Faxafeni 14 • 108 Reykjavík • Sími 560 1010



**Á VETTVANGI** Sigríður Björk Þormar í sveitaþorpinu Hinches sem tók á móti mörgum flóttamönnum. Verið að meta þörfina fyrir sálrænan stuðning. MYND/SIGRÍÐUR ÞORMAR

# Áfallastreita algeng meðal sjálfboðaliða

**Niðurstöður nýrrar rannsóknar sýna að algengt er að sjálfboðaliðar þjáist af áfallastreituröskun eftir að hafa starfað á hamfarasvæðum. Þeir sem sinna sálrænum stuðningi eru sagðir vera í sérstökum áhættuhópi.**

**HJÁLPARSTARF** Algengt er að sjálfboðaliðar á hamfarasvæðum þjáist af áfallastreituröskun eftir veru sína þar.

Þetta kemur meðal annars fram í niðurstöðum doktorsrannsóknar Sigríðar Bjarkar Þormar í áfallasálfræði. Þar fjallar hún um kvíða, þunglyndi og spápætti sem tengjast einkennum áfallastreitu.

„Samkvæmt þessum niðurstöðum þá er áfallastreita sjálfboðaliða frekar há eftir þessa tegund hamfara,“ segir Sigríður. Rannsóknina gerði hún á sjálfboðaliðum sem höfðu verið að störfum eftir jarðskjálfta í Indónesíu 2006. Sigríður lagði fyrir þá spurningalista sex, tólf og átján mánuðum eftir að þau höfðu verið að störfum auk þess sem hún tók dýpri viðtöl við fjölda þeirra.

Sjálf hefur Sigríður starfað lengi fyrir Rauða krossinn og hugmyndin kviknaði þegar hún var við störf í Indónesíu eftir skjálftaflóðbylgjuna árið 2005. „Það sem var sérstakt við þessar hamfarir var hvað þær voru massífar og mikil eyðilegging. Það kallaði líka á töluvert aukinn fjölda sjálfboðaliða. Þarna var mikið af ungum krökkum á aldrinum 16 til 25 ára sem gátu losnað úr skóla til þess að bjóða sig fram í einhvern tíma.“

Aðstæður sem sjálfboðaliðar vinna við eru oft mjög erfiðar. Sigríður segir það geta tekið mjög mikið á unga sjálfboðaliða sem koma út með stuttum fyrirvara og hafa ekki hlotið þjálfun áður. „Niðurstöðurnar eru mjög flóknar og fjölbreytilegar. Áfallastreita sjálfboðaliða er almennt hærri en hjá fagfólki,“ segir hún. Eftirfylgni með sjálfboðaliðum er yfirleitt lítil eða engin.



> Áfallastreita sjálfboðaliða er almennt hærri en hjá fagfólki.
> *Sigríður Björk Þormar sálfræðingur.*

„Þeir sjálfboðaliðar sem sinna sálrænum stuðningi eru í sérstökum áhættuhópi, það er mjög mikilvæg niðurstaða. Þeir þurfa sjálfir einhvers konar sérhæfðan stuðning á eftir. Þeir sjálfboðaliðar sem vinna við dreifingu matvæla, þeir eru líka í ákveðnum áhættuhópi.“ Það segir hún skýrast meðal annars af því að oft sé matur af skornum skammti og fólk sé oft reitt og örvæntingarfullt og taki það út á þeim.

Sigríður segir það einnig hafa komið í ljós að mikilvægt sé fyrir sjálfboðaliða að upplifa samfélagslega viðurkenningu vegna starfa sinna. Það var fylgni á milli tilfinningar um skort á samfélagslegri viðurkenningu og aukinna einkenna áfallastreitu.

Sigríður kynnir niðurstöður rannsóknar sinnar hjá Rauða krossinum í Reykjavík milli hálf níu og hálf tíu árdegis í dag.

viktoria@frettabladid.is

## Verður þín hugmynd að veruleika á Ásbrú?




# Hér verða hátækni-störfin til

**Líftæknifyrirtækið Algalíf** reisir nú 7.500 fermetra örþörungaverksmiðju á Ásbrú og bætist þar með í hóp fjölda framsækinna nýsköpunarfyrirtækja sem hafa komið sér fyrir á vaxtarsvæðinu við Keflavíkurflugvöll.

Það er ekki tilviljun að Algalíf velur sér stað á Ásbrú. Tækifærin eru í pípunum í þessu stærsta tækniþorpi Íslands sem hefur byggst upp á skömmum tíma fyrir tilstilli öflugrar menntastofnunar, mikillar tækniþekkingar, blómstrandi mannlífs og nálægðar við ört stækkandi alþjóðaflugvöll.

Kadeco

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar | Sími 425 2100 | www.asbru.is

ÁSBRÚ




PIPAR\TBWA SÍA - 143655

Ísland dregur fæturna í löggjöf gegn fordómum:

# Ráðherra hyggst klóra í bakkann

Íslensk stjórnvöld hafa ekki séð ástæðu til að verða við tilmælum Evrópunefndar gegn kynþáttafordómum þó þau teljist til forgangsverkefna. Slök frammistaða okkar er okkur til vansa. Okkur ber, án þrýstings annars staðar frá, að standa okkur í þessum málum. Annað er óviðunandi.

Í úttekt nefndarinnar eru stjórnvöld hér gagnrýnd fyrir tvennt; að annars vegar hafi þau ekki lokið vinnu við lagafrumvarp um bann við mismunun og hins vegar hafi þau ekki tekið upp í hegningarlög ákvæði um að meta beri til refsihækkunar ef kynþáttafordómar liggja að baki broti.



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

Hvers vegna stöndum við okkur svo illa að ýta þurfi við okkur, benda okkur á að við stöndum ekki við það sem höfum sagst ætla að gera? Og er þá ekki einfaldast að bæta úr því sem miður hefur farið?

Nefndin hefur verið upplýst um að Eygló Harðardóttir, sá ráðherra sem þetta heyrir undir, hyggist klóra í bakkann, en ekki meira en það, þá sennilega í von um að sleppa við frekari ákúrur. Hún ætlar að leggja fram tvö frumvörp um bann við mismunun. Hvorugt frumvarpið er að mati nefndarinnar fullnægjandi. Sú er frammistaða okkar sem þjóðar í baráttu gegn kynþáttafordómum, baráttunni gegn rasisma.

Séra Baldur Kristjánsson, fulltrúi Íslands í nefndinni, sagði í samtali við Fréttablaðið, að fjölmargar athugasemdir séu við stjórnsýsluna hér, en kosið var að horfa nú einkum til þess að annars vegar hafi stjórnvöld ekki lokið vinnu við lagafrumvarp um bann við mismunun og hins vegar hafi þau ekki tekið upp í hegningarlög ákvæði um að meta beri til refsihækkunar ef kynþáttafordómar liggja að baki broti.

Sem svar við þessu ætlar ráðherra sem sagt að leggja fram tvö frumvörp, sem eru ekki fullnægjandi að mati nefndarinnar. Annað frumvarpið snýst um bann við mismunun á öllum sviðum daglegs lífs, en gallinn er sá að það nær aðeins til mismununar vegna kynþáttar eða þjóðernisuppruna.

Hitt frumvarpið gerir ráð fyrir mismunun á víðtækari grunni, sem nær þá til trúar, skoðana, fötlunar, aldurs og kynhneigðar, en það bann á aðeins að gilda á vinnumarkaði en ekki á öðrum sviðum þjóðlífsins.

Taka verður fram að við fáum ekki bara slæm ummæli. Nefndin fagnar því að Ísland hafi gert úrbætur hvað varðar mosku á Íslandi. Stjórnvöld hafi orðið við tilmælum nefndarinnar um að gefa félögum múslima hér á landi heimild til að reisa mosku og jafnframt útvegað þeim lóð undir mosku. Þetta er nokkuð merkilegt, því að það þrátt fyrir hrós að utan þarf ekki að rifja upp hversu mikið deilumál moskubyggingin er meðal okkar.

Hvað þetta allt varðar er ljóst að við verðum að gyrða okkur í brók. Ekki dugar að ráðherra hyggist stíga hænufet, það þarf meira, við verðum að standa okkur með sóma.

En hver er þessi nefnd? „Þessi nefnd er tæki Evrópuþjóða til þess að efla baráttuna gegn rasisma,“ segir Baldur. „Hún var sett upp af ráðherranefnd Evrópuráðsins fyrir 18 árum.“

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Sigurjón M. Egilsson *sme@frettabladid.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Verkalýðsfélagið Hlíf

ALLSHERJARATKVÆÐAGREIÐSLA

Kjörstjórn Vlf. Hlífar auglýsir framboðsfrest vegna kosningar fulltrúa Vlf. Hlífar í fulltrúaráð Gildis Lífeyrissjóðs fyrir kjörtímabilið 2015-2017.

Tillögum skulu vera um 6 aðalfulltrúa og 6 varafulltrúa ber að skila á skrifstofu Hlífar fyrir **kl. 16:00, fimmtudaginn 5. mars 2015.**

Fulltrúalisti uppstillingarnefndar liggur frammi á skrifstofu félagsins frá og með miðvikudeginum 25. febrúar 2015.

Tillögunum ber að fylgja meðmæli minnst 50 til 60 félagsmanna.

*Kjörstjórn Vlf. Hlífar*

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Alvöru andstaða

Sú skoðun hefur heyrst að stjórnarandstaðan sé heldur deig og veiti ríkisstjórninni ekki nægilega andstöðu. Um þetta má deila, því það er fín lína á milli þess að einoka ræðustól í andstöðu við eitthvað sem meirihluti er fyrir eða að sitja í salnum og láta öllu ósvarað. Eða kannski ekki svo fín lína, en hún er þar nú samt. Hvað sem því líður var hressandi að sjá stjórnarandstöðuna í essinu sínu á Alþingi í gær. Sérstaklega voru það þingmenn Vinstri grænna sem létu til sín taka og dugði þar ekki minna til en formaður flokksins, Katrín Jakobsdóttir, og fyrrverandi formaður, Steingrímur J. Sigfússon. Tilefnið var enda ærið, önnur umræða um frumvarp til laga um örnefni.

### Feitur feigur

Sannast sagna dugar þessi litli dálkur ekki til að gera umræðunum nægilega góð skil. Katrín fór yfir það að götur í Reykjavík væru ekki mikið nefndar eftir mönnum, ólíkt höfuðborgum á Norðurlöndum, en þó oftar körlum en konum. Þá rakti hún hættuna á misskilningi þegar að örnefnum kæmi. Sjálf hefði hún beðið spennt eftir að keyra fram á bæinn Umsvalir, hún sá í anda danskan bónda sem þar hefði sest að og gefið hið góða nafn og varð því eðlilega fyrir vonbrigðum þegar í ljós kom að bærinn hét Uppsalir. Og Feitsdalur hét ekki eftir bústnum frumbyggja, heldur einfaldlega Feigsdalur.



### Skipulagt kaos

Steingrímur var næstur í pontu. Hann harmaði það að örnefni væru að týnast úr málinu en um leið bagalegt að sama fyrirbærið beri mörg nöfn. Hann er þó tvíátta í málinu. „Að því leyti til er ég ekkert andvígur því að eitthvert kerfi sé á þessu. En samt togast á í mér, ég verð bara að viðurkenna það, að þetta þurfi líka að einhverju leyti að fá að lúta sínum eigin lögmálum eins og það hefur alltaf gert.“ Líklega taka flestir lesendur undir þetta, skipulagt kaos er líklega best. Umfram allt ber að hafna því að landslag sé lítils virði ef það heitir ekki neitt. Við bíðum þriðju umræðu spennt.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ósanngjörn ummæli

SAMFÉLAG



**Fríða Pálmadóttir**
hjúkrunardeildarstjóri á Hömrum, hjúkrunarheimili í Mosfellsbæ

Ég get varla orða bundist yfir þeirri umræðu sem hefur átt sér stað undanfarna daga í fjölmiðlum landsins um umönnun aldraðra. Steininn tók úr með fyrirsögninni: „Fólk bundið og sett á róandi“.

Ég hef starfað og komið að hjúkrun aldraðra í þrjátíu ár og aldrei á mínum ferli hef ég upplifað slíkt að fólk sé bundið og sett á róandi. Sláandi er líka að sá sem lætur slík ummæli falla til fjölmiðla á að vera fagaðili, sérmenntaður á sviði öldrunar. Vissulega má margt bæta í þjónustu aldraðra á hjúkrunarheimilum landsins s.s. að aldraðir eigi rétt á einbýli og betri aðstöðu. Allir sem ég hef starfað með síðastliðin þrjátíu ár hafa lagt sig fram um að veita skjólstæðingum sínum sem besta þjónustu og hugsað um hina öldruðu af alúð.

Stundum getur verið nauðsynlegt að nota fjötra til að tryggja öryggi hins aldraða t.d. öryggisbelti í hjólastól til þess að hinn sami fari sér ekki að voða er hann reynir að gera eitthvað umfram getu. Tekið skal fram að fjötrar eru aldrei notaðir nema í sérstökum tilfellum og með samþykki aðstandenda.

Fylgikvillar elliglapa og heilabilunar eru oft ranghugmyndir, óróleiki og önnur vanlíðan. Stundum er nauðsynlegt að gefa öldruðum sefandi lyf s.s. Ríson, Haldol og skyld lyf. Það er eingöngu gert til þess að þeim aldraða líði betur.

Að halda því fram að fjötrar og lyf séu notuð í annarlegum tilgangi er óábyrgt og fagaðilum ekki sæmandi.

### Fjárframlög skert

Hjúkrunarheimili verða aldrei skemmtistaður þar sem stöðug dagskrá afþreyingar er í boði. Vil ég því minna á að við sem aðstandendur höfum ríkar skyldur til að sinna okkar foreldrum, öfum og ömmum þegar geta þeirra þverr til afþreyingar. Við sem sinnum öldruðum munum hins vegar gera það sem í okkar valdi stendur til þess að síðustu ævikvöldin verði þeim sem léttbærust.

Fjárframlög til hjúkrunarheimila hafa verið skert og virðast taka mið af að grunnþörfum aldraðra sé sinnt og er það miður. Öldrunarstofnanir hafa barist fyrir auknum fjárframlögum án árangurs og ég vona að umræða þjóðfélagsins nái eyrum ráðamanna og gerð verði bragarbót. Allir Íslendingar eiga að stuðla að því að málefni aldraðra verði hafin til vegs og virðingar og leggja sitt af mörkum sama hversu mikið við getum lagt til. Margt smátt gerir eitt stórt. Gleymum því ekki að við erum að ræða um aðbúnað foreldra okkar, afa okkar og ömmu og brátt mun okkar tími koma.

**FRÉTTABLAÐIÐ** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARFRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Ríkið keppir við einkaframtakið

SAMKEPPNI



**Ólafur Stephensen**
framkvæmdastjóri Félags atvinnurekenda

Ríkisfyrirtækið Íslandspóstur bar sig illa í fjölmiðlum í síðustu viku vegna fækkunar sendibréfa undir 50 grömmum, en fyrirtækið hefur einkarétt á dreifingu þeirra. Fyrirtækið boðar að þessi þróun haldi áfram og muni hafa alvarleg áhrif á afkomu þess.

Tímasetning þessarar tilkynningar er engin tilviljun. Það er verið að búa skattgreiðendur, eigendur Íslandspósts, undir vont uppgjör fyrir árið 2014. En er það áreiðanlega svo að vinsældir internetsins og fækkun bréfa af þeim sökum séu meginorsökin fyrir slæmri afkomu ríkisfyrirtækisins?

Flest bendir til að líklegra sé að umsvif Íslandspósts á samkeppnismarkaði, þar sem ríkið keppir við einkaaðila á fjölbreytilegustu sviðum, allt frá póstsendingum og prentsmiðjurekstri til sendibílaþjónustu og sælgætissölu, sé fremur en annað orsök slakrar afkomu félagsins. Ríkisfyrirtækið Íslandspóstur hefur varið háum fjárhæðum í fjárfestingar í samkeppnisrekstri, án sýnilegs árangurs fyrir afkomu fyrirtækisins.

### Tap á samkeppnisrekstri, gróði í einkarétti

Þannig er í ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) frá því í júlí síðastliðnum fjallað um afkomu Íslandspósts. Þar kemur annars vegar fram að „afkoma í ýmsum þjónustuflokkum í samkeppnisrekstri ÍSP [hafi] verið neikvæð á undanförnum árum. Þetta er þrátt fyrir að einkaréttur hafi borið umtalsverða hlutdeild í kostnaði samkeppnisrekstrar í samræmi við mat ÍSP á alþjónustubyrði félagsins sem einkarétti bæri að fjármagna.“

Hins vegar segir PFS að árin 2012 og 2013 hafi verið hagnaður af póstþjónustu í einkarétti, þótt kostnaður vegna alþjónustubyrðarinnar sé innifalinn í gjöldum einkaréttarins. Alþjónustubyrðin er kvaðir sem Íslandspóstur ber, um að veita almenningi póstþjónustu af tilteknum gæðum og á viðráðanlegu verði.

### Sjálfkrafa gjaldskrárhækkanir

Raunin er líka sú að Íslandspóstur fær nánast sjálfkrafa hækkanir á gjaldskrá til að mæta fækkun bréfa og laga þannig afkomu sína. Í lögum um póstþjónustu er tiltekið að gjaldskrár vegna einkaréttar og alþjónustu skuli „taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði.“ Þannig kemur fækkun bréfa ekki niður á afkomunni. Á síðasta ári heimilaði PFS um 21% hækkun á gjaldskrá ÍSP fyrir bréf í einkarétti. Gjaldskráin fyrir bréf í léttasta flokki hefur hækkað um allt að 263% frá árinu 2000, en á sama tíma hefur verðskráin fyrir fjölpóst, þar sem Íslandspóstur þarf að keppa við einkafyrirtæki, hækkað um 24%. Er þó dreifikerfið og allir helztu kostnaðarþættir þeir sömu.

Forsvarsmenn Íslandspósts fullyrða í fréttatilkynningu að á sama tíma og bréfamagn minnkar séu kvaðir um póstdreifingu þær sömu. Það er ekki rétt. Póst- og fjarskiptastofnun hefur heimilað fyrirtækinu að loka fjölda pósthúsa víða um land í þágu nauðsynlegrar hagræðingar. Ennfremur heimilaði PFS árið 2012 breytingu á dreifingu bréfapósts í einkarétti, svokallaðan B-póst, sem er ekki dreift daglega heldur innan þriggja virkra daga. Með því móti sparast verulegar fjárhæðir hjá Íslandspósti og raunar leiðir fækkun bréfa líka til lægri kostnaðar.

Póst- og fjarskiptastofnun telur margt benda til að samkeppnisrekstur Íslandspósts sé niðurgreiddur með einkaréttarstarfseminni, en slíkt fer gegn lögum. Stofnunin hefur bent á að verðstefna fyrirtækisins í samkeppnisrekstrinum skýri taprekstur Íslandspósts að minnsta kosti að hluta, en hann skýrist ekki einvörðungu af umframkostnaði vegna alþjónustukvaða. PFS hefur gert alvarlegar athugasemdir við svokallaðar leiðréttingarfærslur stjórnenda Íslandspósts, þ.e. kostnað sem er færður af samkeppnisrekstrinum yfir á einkaréttarrekstur. Íslandspóstur hefur um árabil verið til rannsóknar hjá Samkeppniseftirlitinu, meðal annars vegna rökstudds gruns um ófullnægjandi aðskilnað samkeppnisrekstrar og einkaréttarþjónustu.

### Keppinautar standa höllum fæti

Allt þýðir þetta að einkafyrirtæki, ekki bara á póstmarkaði heldur jafnframt á ýmsum skyldum eða jafnvel óskyldum mörkuðum, sem Íslandspóstur hefur ruðzt inn á, standa höllum fæti gagnvart ríkisfyrirtæki sem varið er af einkarétti á tiltekinni þjónustu.

**➜ Skattgreiðendur, sem eiga Íslandspóst, og fulltrúar þeirra á Alþingi hljóta að þurfa að taka afstöðu til þeirrar áleitnu spurningar hvort ástæða sé til að láta ríkisfyrirtæki ganga þannig laust eins og fíl í postulínsbúð, í ósanngjarnri samkeppni við einkafyrirtæki á ýmsum sviðum.**

Skattgreiðendur, sem eiga Íslandspóst, og fulltrúar þeirra á Alþingi hljóta að þurfa að taka afstöðu til þeirrar áleitnu spurningar hvort ástæða sé til að láta ríkisfyrirtæki ganga þannig laust eins og fíl í postulínsbúð, í ósanngjarnri samkeppni við einkafyrirtæki á ýmsum sviðum. Samkeppnisstarfsemi Íslandspósts þjónar ekki þeim tilgangi að fjármagna lögbundna þjónustu við almenning, heldur bendir þvert á móti flest til þess að einkarétturinn fjármagni samkeppni fyrirtækisins við einkaaðila á sama tíma og þjónustan við almenning verður sífellt lakari. Loks er tap á öllu saman. Hver er þá tilgangurinn? Eigum við að vorkenna stjórnendum Íslandspósts þegar þeir skila uppgjöri um rekstur síðasta árs?

## AF NETINU

### Gjaldþrot Seðlabanka Íslands



Í samhengi við þessa 35 milljarða sem fólst í tapinu í veðláninu til Kaupþings er ágætt að hafa í huga að tapið sem fólst í ástarbréfaviðskiptunum nam hundruðum milljarða. Stundum er talað um 300 milljarða reikning í þessu samhengi. Upphæðin er svo stór að ég held að fólk nánast skilji hana ekki. Ef 300 milljarðar er rétt tala, nemur þetta tap Seðlabankans um fimm milljónum á hverja þriggja barna fjölskyldu á Íslandi.

Ég hef reyndar aldrei reynt að leggja mat á þessa upphæð sjálfur. Þegar Ríkisendurskoðun lagði mat á þetta 2009 var matið að minnsta kosti 175 miljarðar (sjá fréttir hér). Tölur frá Fjármálaráðuneytinu eða Alþjóðagjaldeyrissjóðnum bentu til nær 300 milljarða, en fyrrum aðalendurskoðandi Seðlabankans talaði um 250 milljarða í blaðagrein. Það eina sem við vitum með vissu er að tapið hleypur á hundruðum milljarða.

Mér skilst að nú ætli Seðlabanki Íslands að leggja í sérstaka rannsókn vegna þessara 35 milljarða sem töpuðust vegna Kaupþingslánanna. Það væri ekki úr vegi, svona í leiðinni, að rannsaka betur hvað fór úrskeiðis í ástarbréfaviðskiptunum. Og þá væri líka athyglisvert að vita hversu stórt tapið var og það sett í samhengi við Kaupþingslánið og annað.

http://blog.pressan.is

*Gauti Eggertsson*

KIA | Ábyrgð fylgir!
Allt að 7 ára ábyrgð fylgir notuðum Kia*




Kia Rio LX
Árgerð 5/2013, ekinn 76 þús. km, dísil, 1.396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla 4,1 l/100 km.
2.190.000 kr.

Bílafjármögnun Landsbankans
Afborgun aðeins 33.847 kr. á mánuði m.v. 399.000 kr. útborgun og 80% bílalán frá Landsbankanum í 72 mánuði. 9,0% vextir, 11,33% árleg hlutfallstala kostnaðar og lán til 72 mánaða.




Kia Sportage EX
Árgerð 7/2013, ekinn 38 þús. km, dísil, 1.995 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla 6,0 l/100 km.
4.990.000 kr.




Kia Carens
Árgerð 9/2013, ekinn 32 þús. km, dísil, 1.685 cc, 136 hö, sjálfskiptur, eyðsla 5,1 l/100 km.
4.290.000 kr.




Kia cee'd EX
Árgerð 6/2014, ekinn 7 þús. km, dísil, 1.582 cc, 128 hö, sjálfskiptur, eyðsla 5,5 l/100 km.
3.690.000 kr.




Kia Sorento EX Luxury
Árgerð 6/2012, ekinn 88 þús. km, dísil, 2.199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, fjórhjóladrifinn, eyðsla 6,7 l/100 km.
5.190.000 kr.

*Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR
www.notadir.is

Kletthálsi 2
110 Reykjavík
590 2160

Opnunartímar:
Virka daga 10–18
Laugardaga 12–16

# TÍMAMÓT





Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**PÁLL GUÐMUNDSSON**
**fyrrverandi skólastjóri,**
**Unnarbraut 10, Seltjarnarnesi,**

lést á Landspítalanum 13. febrúar. Útförin fer fram frá Seltjarnarneskirkju fimmtudaginn 26. febrúar kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Unnur Ágústsdóttir**
**Katrín Pálsdóttir** — **Gunnar Þorvaldsson**
**Lára Pálsdóttir** — **Sveinn Kjartansson**
**Ingibjörg Pálsdóttir** — **Gunnar Hermannsson**
**Guðrún Pálsdóttir** — **Þórir Baldursson**
**Unnur Pálsdóttir** — **Sigfús Bjarni Sigfússon**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær sambýliskona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ERLA RAGNARSDÓTTIR**
**frá Hlíð í Álftafirði,**
**Arnarhrauni 21, Hafnarfirði,**

lést á Landspítalanum við Hringbraut þann 11. febrúar. Jarðarförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Sigurður Guðjónsson**
**Lilja Bára Steinþórsdóttir** — **Kristinn Gunnarsson**
**Kristinn Brynjólfsson** — **Guðmunda Guðjónsdóttir**
**Gyða Hrönn Gerðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**BOGI J. MELSTEÐ**
**Syðri-Brúnavöllum,**
**Skeiðum,**

lést á Landspítalanum Fossvogi sunnudaginn 15. febrúar. Útför hans fer fram frá Skálholtskirkju laugardaginn 28. febrúar kl. 13.00.

**Kristín Bjarnadóttir**
**Helga Bogadóttir** — **Magnús Steinarsson**
**Jón Bogason** — **Þórhildur Una Stefánsdóttir**
**Bjarni Bogason** — **Þorbjörg Erlendsdóttir**
**Rúnar Bogason** — **Anna Guðbjörg Lárusdóttir**
**Steinar Ingi, Kristinn Thór, Bogi Örn, Hafsteinn, Gunnar, Davíð og Kristín**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**UNNUR JÓNASDÓTTIR**
**Vættaborgum 4, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 21. febrúar. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 27. febrúar kl. 15.00.

**Hrafnkell Sigurjónsson**
**Sigurjón Ragnar Hrafnkelsson** — **Sjöfn Jónsdóttir**
**Guðmundur Hrafnkelsson** — **Valdís Arnarsdóttir**
**Rúnar Þór Hrafnkelsson**
**Fanney Dóra Hrafnkelsdóttir**
**Guðrún Hrafnkelsdóttir** — **Guðmundur Björn Jónasson**
**og barnabörn.**



Elsku mamma, tengdamamma, amma og langamma okkar,

**ELSA ÞORVALDSDÓTTIR**
**Álfheimum 62,**

lést sunnudaginn 22. febrúar.

**Þorvaldur Sigurðsson** — **Herdís Ástráðsdóttir**
**Þóra Katla Bjarnadóttir** — **Þórður Sigurðsson**
**Ástríður Elsa Þorvaldsdóttir**
**Theódóra Þorvaldsdóttir** — **Jóhann Kristinn Ragnarsson**
**Davíð Ingi Þorvaldsson**
**Hrefna María Jónsdóttir** — **Ágúst Atlason**
**Arnar Jónsson**
**Kristján Andri Jónsson**
**og langömmubörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**. Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



Elskulega móðir okkar,

**REINHOLDE KONRAD KRISTJÁNSSON**

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold mánudaginn 16. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 26. febrúar kl. 13.00.

**Hans-Konrad Kristjánsson**
**Kristján Brynjólfur Kristjánsson**
**og barnabörn.**



Móðir okkar og tengdamóðir,

**ÞÓRA KRISTJÁNSDÓTTIR**

lést á Hjúkrunarheimilinu Eir, þriðjudaginn 17. febrúar sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Alúðarþakkir til starfsfólks á hjúkrunarheimilinu Eir, 3. hæð suður fyrir góða umönnun.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Arnbjörg Edda Guðbjörnsdóttir** — **Grímur Valdimarsson**
**Hafdís Karólína Guðbjörnsdóttir** — **Kristján Gíslason**
**Guðmundur Guðbjörnsson**
**Sólrún Guðbjörnsdóttir**
**Ásgerður Guðbjörnsdóttir**
**Arinbjörn Guðbjörnsson**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÓFEIGUR HJALTESTED**
**Haukanesi 20, Garðabæ,**

verður jarðsunginn frá Vídalínskirkju í Garðabæ næstkomandi fimmtudag, 26. febrúar, klukkan 13.00.

**Edda Tryggvadóttir**
**Erna Hjaltested** — **Sigfús Sigmundsson**
**Stefán Hjaltested** — **Teresa Sukiasyan**
**Guðrún Hlín Hjaltested**
**Örn Steinar Marinósson** — **Nína Rut Eiríksdóttir**
**Sigríður Björk Marinósdóttir** — **Arnór Hans Þrándarson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐNÝ SIGRÍÐUR KOLBEINSDÓTTIR**
**Hólabraut, Reykjadal,**
**(Lindasíðu 4, Akureyri)**

lést á Akureyri miðvikudaginn 18. febrúar. Útförin fer fram frá Glerárkirkju föstudaginn 27. febrúar og hefst athöfnin kl. 13.30.

**Björn J. Guðmundsson**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KOLBRÚN JÓNASDÓTTIR**
**Hafnarstræti 3, Akureyri,**

lést í faðmi fjölskyldu sinnar sunnudaginn 15. febrúar á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð, Akureyri. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Björn H. Sveinsson**
**Sævar Már Björnsson** — **Inga Randversdóttir**
**Sigurlaug Björnsdóttir** — **Jóhannes Ævar Jónsson**
**Jónas Björnsson** — **Ásta Garðarsdóttir**
**Sveinn Björnsson** — **Leena Kaisa Viitanen**
**Birgitta Linda Björnsdóttir** — **Kristján Heiðar Kristjánsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



Okkar ástkæra

**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
**Stóra-Lambhaga,**
**síðast búsett á Höfða, Akranesi,**

lést á sjúkrahúsi Akraness 18. febrúar. Jarðarförin fer fram frá Akraneskirkju föstudaginn 27. febrúar kl. 11.00.

**Sigurður Ferdinandsson** — **Guðrún Matthíasdóttir**
**Reynir Jóhannsson** — **Inga Rún Garðarsdóttir**
**og fjölskyldur.**

## MERKISATBURÐIR

**1836** Samuel Colt fær bandarískt einkaleyfi á Colt-skammbyssu.

**1909** Samþykkt er vantrauststillaga á þingi gegn Birni Jónssyni, ráðherra Íslands.

**1944** Alþingi samþykkir einróma að sambandslögin um konungssamband Íslands og Danmerkur séu fallin úr gildi.

**1964** Fyrsta skopmynd Sigmunds Jóhannssonar í Vestmannaeyjum birtist í Morgunblaðinu og sýnir hún landgöngu í Surtsey.

**1966** Bandaríska söngkonan Ella Fitzgerald kemur til Íslands og heldur tónleika í Háskólabíói.

**1975** Ragnhildur Helgadóttir er fyrst kvenna kosin forseti Norðurlandaráðs á þingi þess sem haldið var í Reykjavík.

**2004** Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin fer til Marokkó til rústabjörgunar.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ANNA VIKTORÍA HÖGNADÓTTIR**
**Kambahrauni 6, Hveragerði,**

sem lést 18. febrúar sl. verður jarðsungin frá Stóra-Dalskirkju undir Eyjafjöllum laugardaginn 28. febrúar kl.15.00.

**Brynjólfur S. Hilmisson**
**Hulda Vigdís Brynjólfsdóttir** — **Eyþór Gunnar Gíslason**
**Árni Ágúst Brynjólfsson** — **Jóhanna Katrín Jónsdóttir**
**barnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýndan samhug, stuðning og hlýju við andlát og útför okkar ástkæru

**SIGURRÓSAR (RÓSU) ÓLAFSDÓTTUR**
**Skúlagötu 20, Reykjavík.**

**Ragnar Árnason** — **Anna Agnarsdóttir**
**Atli Árnason** — **Kristjana Bergsdóttir**
**Gylfi Árnason** — **Sigrún Ólafsdóttir**
**Ólafur Helgi Árnason**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini hinnar látnu.**



Hjartkær maðurinn minn, faðir okkar og tengdafaðir,

**GUÐJÓN Ó. ÁSGRÍMSSON**
**fyrrverandi skrifstofustjóri í Ræsi,**
**Háagerði 85, Reykjavík,**

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 27. febrúar kl. 13.00.

**Svanlaug Magnúsdóttir**
**Rebekka Sigrún Guðjónsdóttir** — **Björn Guðmundsson**
**Ragnheiður Guðjónsdóttir**
**Ásdís Guðjónsdóttir** — **Ingólfur Þórisson**
**Helga Guðjónsdóttir** — **Þröstur Helgason**
**Magnús Guðjónsson** — **Guðríður Hlöðversdóttir**



Móðir mín, tengdamóðir, amma og langamma,

**AUÐUR JÓNASDÓTTIR**
**kennari,**

lést fimmtudaginn 19. febrúar á hjúkrunarheimilinu Droplaugarstöðum. Útförin verður frá Langholtskirkju mánudaginn 2. mars kl. 15.00.

**Geir Björnsson** — **Hlíf Guðmundsdóttir**
**Ýrr Geirsdóttir** — **Birgir Tryggvason**
**Auður Geirsdóttir** — **Sigurður Víðir Sigurjónsson**
**Arnar Geirsson**
**Björn Geirsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og bróðir,

**KOLBEINN SIGURJÓNSSON**
**Birkihlíð 3,**
**Sauðárkróki,**

lést föstudaginn 20. febrúar á Landspítalanum í Fossvogi. Útför fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 7. mars kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Kristín Lúðvíksdóttir**
**Atli Freyr Kolbeinsson**
**Guðrún Ása Kolbeinsdóttir** — **Elvar Pálsson**
**Fannar Logi Kolbeinsson**
**og systkini.**




# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 25. febrúar 2015 | 8. tölublað | 11. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

VIÐ ELSKUM UMHVERFIÐ!
Prentgripur
GuðjónÓ



## MARKVISS KAUPSTEFNA Í MIÐRI REYKJAVÍK

- Á fimmta hundrað erlendir gestir koma á HönnunarMars
- Árleg velta hátíðarinnar er 30 milljónir króna
- Verkefnisstjóri hátíðarinnar segir eigin tekjur vera að aukast

SÍÐA 6

## Næstum tveir milljarðar



Áætlað er að neytendur hafi greitt 1.870-1.880 milljónir í endurvinnslugjald fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir á árinu 2014. Af því endurgreiddi endurvinnslan um 1.636 milljónir króna, samkvæmt upplýsingum frá Helga Lárussyni, framkvæmdastjóra Endurvinnslunnar. „Við erum með eitt allra besta skilahlutfall í heimi, miðað við það sem kemur í gegnum skilakerfi,“ segir Helgi. ➜ SÍÐA 2

## Búast við minni hagnaði

Þótt hagnaður af reglulegri starfsemi Íslandsbanka hafi aukist um 2,68 milljarða króna á milli ára er þriðjungur af 22,8 milljarða hagnaði enn vegna óreglulegra liða. Áfram verður unnið markvisst að hagræðingu. Birna Einarsdóttir bankastjóri leggur áherslu á að verulega hafi dregið úr rekstrarkostnaði bankans að undanförnu. Það hafi orðið fjögurra prósenta raunlækkun á liðnu ári en 20 prósenta lækkun þegar litið er til síðustu þriggja ára. ➜ SÍÐA 4

## Lék í meistaraflokki Völsungs



Sigþór Jónsson, nýr framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa, er mikill íþróttamaður. Hann spilaði knattspyrnu með Völsungi og hefur nokkrum sinnum hlaupið maraþon. „Íslensk verðbréf eru afar spennandi félag. Það rekur sögu sína allt til ársins 1987 og hefur á þessum tæplega þrjátíu árum náð sterkri stöðu í eignastýringu á íslenskum fjármálamarkaði,“ segir Sigþór, spurður um nýja vinnustaðinn sinn. ➜ SÍÐA 8

**STJÓRNARMAÐURINN**
@stjornarmadur

**Kröfuhafar bankanna hafa þurft að búa við stöðugar lagabreytingar og hringlandahátt frá hruni.** ➜ SÍÐA 12



# Glórulaust Kaupþingslán

Skjóðan

**RITSTJÓRI** Morgunblaðsins upplýsti í Reykjavíkurbréfi helgarinnar um að það hafi ekki verið ákvörðun hans að lána Kaupþingi rúman helming gjaldeyrisforða Seðlabankans 6. október 2008 heldur hafi það verið vilji ríkisstjórnar Geirs H. Haarde að lána Kaupþingi. Þetta er án efa rétt munað hjá ritstjóranum. Davíð Oddsson hafði um árabil borið kala til stjórnenda Kaupþings og m.a. við eitt tækifæri hótað stjórnarformanni bankans að fella hann og því langsótt að hann hefði frumkvæði að því að lána bankanum gjaldeyrisvaraforðann. Ljóst er að lánveitingin var engu að síður á forræði og ábyrgð Seðlabankans.



**ATHYGLISVERT ER** að Davíð lætur þess getið að enginn hafi spurt hann að því hvað þeim Geir fór fram í frægu símtali. Starfaði ekki heil rannsóknarnefnd á vegum Alþingis í meira en ár að rannsókn á aðdraganda og orsökum bankahruns? Sá sú nefnd aldrei ástæðu til að spyrja seðlabankastjórann um tildrög þess að gjaldeyrisforðinn var lánaður í næstum heilu lagi sama dag og neyðarlögin voru sett?

**LÁNVEITINGIN** hefur verið gagnrýnd sem og að veð skyldi tekið í FIH-bankanum danska. Þetta veð þótti mjög traust á þessum tíma og FIH-bankinn stóð af sér hrunið og stendur enn. Margt bendir til þess að tapið sem Seðlabankinn varð fyrir vegna lánveitingarinnar stafi af því að þar innandyra hafi mönnum verið mislagðar hendur við að koma FIH-bankanum í verð fremur en að veðið hafi reynst ótraust.

**LÁNIÐ TIL** Kaupþings var glórulaust og Seðlabankinn hefði aldrei átt að veita það. Neyðarlögin sem voru samþykkt að kvöldi 6. október, sama dag og lánað var, breyttu kröfuhafaröð íslensku bankanna og Hreiðar Már Sigurðsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, hefur greint frá því að setning neyðarlaganna hafi verið sá örlagaatburður, sem felldi Kaupþing.

**BÆÐI** forsætisráðherrann og seðlabankastjórinn vissu nákvæmlega hvað fólst í setningu neyðarlaganna. Stjórnendur bankanna þekktu hins vegar ekki til innihalds þeirra. Með því að setja innistæðueigendur fram fyrir aðra kröfuhafa var verið að brjóta gróflega gegn skilmálum í útgefnum skuldabréfum bankanna, sem voru þegar í stað gjaldfelld. Kaupþing átti aldrei minnsta möguleika á að standa af sér hrunið eftir að neyðarlögin voru samþykkt. Þetta máttu Davíð og Geir vita. Enn er þeirri spurningu þó ósvarað hvort þeir gerðu sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna. Vinnubrögð virðast hafa verið undarleg við þessa lánveitingu af hálfu Seðlabankans. Hreiðar Már hefur til að mynda greint frá því að lánið var millifært til Kaupþings eftir símtal milli hans og Davíðs, áður en búið var að ganga frá lánasamningum eða veðsetningu.

**SKJÓÐAN** er frekju- og leiðindaskjóða, sem lætur ekkert mannlegt sér óviðkomandi.

## Gengi félaga í Kauphöll Íslands

**8** **Á UPPLEIÐ** Félög sem hækkuðu í verði

**4** **Á NIÐURLEIÐ** Félög sem lækkuðu í verði

**2** **STÓÐU Í STAÐ** Félög sem stóðu í stað

**MESTA HÆKKUN**

**NÝHERJI** **33,2%** frá áramótum

**ÖSSUR** **5,9%** í síðustu viku

**MESTA LÆKKUN**

**BANK NORDIC** **-3,8%** frá áramótum

**NÝHERJI** **-4,7%** í síðustu viku

**Aðallisti Kauphallarinnar | Nasdaq OMX Iceland**

| Félag | Gengi í gær | Frá áramótum | Vikubreyting |
|---|---|---|---|
| Bank Nordic (DKK) | 100,0 | -3,8% | 0,0% |
| Eimskipafélag Íslands | 234,50 | -1,1% | -1,7% |
| Fjarskipti (Vodafone) | 39,15 | 11,9% | 2,2% |
| Hagar | 42,80 | 5,8% | 0,2% |
| HB Grandi | 38,55 | 14,1% | 2,1% |
| Icelandair Group | 21,25 | -0,7% | 0,5% |
| Marel | 146,50 | 6,2% | -3,9% |
| N1 | 24,90 | 7,3% | 3,3% |
| Nýherji | 6,90 | 33,2% | -4,7% |
| Reginn | 14,30 | 5,5% | 0,0% |
| Sjóvá | 12,35 | 3,3% | -0,4% |
| Tryggingamiðstöðin | 27,85 | 5,9% | 0,7% |
| Vátryggingafélag Íslands | 9,54 | 5,4% | 1,8% |
| Össur | 430,00 | 19,1% | 5,9% |
| **Úrvalsvísitalan OMXI8** | 1.366,03 | 4,2% | -0,6% |
| **First North Iceland** | | | |
| Century Aluminum | 3.300,00 | 0,0% | 0,0% |
| Hampiðjan | 25,00 | 10,6% | 0,0% |
| Sláturfélag Suðurlands | 1,85 | 0,0% | 0,0% |

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 25. FEBRÚAR**
**Hagstofan – Vinnumarkaður í janúar 2015**
**Reginn hf. – ársuppgjör**
**N1 – Ársreikningur 2014**
**HB Grandi – Fjórði fjórðungur 2014**

**FIMMTUDAGUR 26. FEBRÚAR**
**Hagstofan – Vísitala neysluverðs í febrúar**
**Landsbankinn hf – Afkoma ársins 2014.**

**FÖSTUDAGUR 27. FEBRÚAR**
**Hagstofan – Nýskráningar og gjaldþrot í janúar 2015**

**MÁNUDAGUR 2 MARS**
**Hagstofan – Þjónustuviðskipti við útlönd á fjórða fjórðungi 2014**

**ÞRIÐJUDAGUR 3. MARS**
**Hagstofa Íslands – Gistinætur og gestakomur á hótelum í janúar 2015**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

# Greiddu hátt á annan milljarð fyrir umbúðir

***Áætlað er að neytendur hafi greitt á bilinu 1.870–1.880 milljónir króna í endurvinnslugjald fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir á síðasta ári. Endurvinnslan greiddi um 1.636 milljónir króna til baka.***

Áætlað er að neytendur hafi greitt á bilinu 1.870-1.880 milljónir króna í endurvinnslugjald fyrir einnota drykkjarvöruumbúðir á árinu 2014. Af því endurgreiddi endurvinnslan um 1.636 milljónir króna, samkvæmt upplýsingum frá Helga Lárussyni, framkvæmdastjóra Endurvinnslunnar.

Samkvæmt 1. grein laga um ráðstafanir gegn umhverfismengun af völdum einnota umbúða fyrir drykkjarvörur skal leggja skilagjald á drykkjarvörur í einnota umbúðum úr stáli, áli, gleri og plastefni.

Samkvæmt 3. grein sömu laga skal endurgreiða neytendum skilagjald við móttöku á notuðum skilagjaldsskyldum umbúðum.

„Við höfum verið með eitt allra besta skilahlutfall í heimi miðað við það sem kemur í gegnum skilakerfi,“ segir Helgi.

Helgi segir að endurgreiðslur hafi hækkað örlítið á árinu sem leið því skilagjaldið fór úr fjórtán krónum í fimmtán. „Þannig að það jókst sem því nemur auk þess sem Íslendingar virðast vera farnir að drekka aðeins meira eftir hrun. Það hefur því verið aukning í sölu þessara umbúða og líka er hluti af aukningunni kominn þannig til að 1. janúar 2014 var Fríhöfninni skylt að greiða skilagjald af því sem kemur í gegnum móttökufríhöfnina,“ segir Helgi.




**ENDURVINNSLAN** Það er jafnan mikið að gera á móttökustöð Endurvinnslunnar á Dalvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Helgi segir að Endurvinnslan selji ál og plast til útlanda en glerið sé erfiðara viðfangsefni. „Það fæst ekkert fyrir gler og tiltölulega einfalt að búa til gler,“ segir hann. Það sé af sem áður var þegar glerið var fjölnota og tekið inn og þvegið. „Þá var mannskapur sem tók tyggjóklessur upp úr glerinu og þetta var sett í lút. Það eru nánast öll lönd hætt þessu. Mjög fá lönd eru með margnota gler,“ segir hann. Glerið er því notað í landfyllingu.

Í fyrra seldi Endurvinnslan til útlanda 1.590 tonn af endurvinnanlegu plasti og 810 tonn af áli. Þá segir Helgi að viðskiptavinir hafi komið með 66 tonn af plastpokum á móttökustöðvar á Dalvegi og í Knarrarvogi sem sendir voru í endurvinnslu. jonhakon@frettabladid.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 72609 02/2015



ER ÞITT FYRIRTÆKI Á FLUGI?

NJÓTTU MEIRI HLUNNINDA OG GERÐU FYRIRTÆKJASAMNING VIÐ ICELANDAIR

ICELANDAIR




**BMW X5 25d xDrive. Verð frá 10.990.000 kr.:** Steptronic 8 þrepa sjálfskipting – 18" álfelgur lykillaus gangsetning – rafdrifinn afturhleri – rafdrifin framsæti með minni fyrir ökumann – nálgunarvarar bakkmyndavél – handfrjáls Bluetooth símabúnaður – 6,5" litaskjár

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Hagnaðurinn mun dragast saman

***Þriðjungur af hagnaði Íslandsbanka skýrist af eignasölu og breytingum á virðismati. Hagnaður af reglulegri starfsemi jókst um 2,68 milljarða króna á milli ára. Starfsfólki fækkar og áfram er stefnt að hagræðingu.***

Hagnaður af reglulegri starfsemi Íslandsbanka nam 14,85 milljörðum króna á síðasta ári en heildarhagnaður bankans eftir skatta nam 22,75 milljörðum króna. Mismuninn má rekja til einskiptisliða, aðallega breytingar á virðismati eigna en einnig hagnaðar af sölu á fyrirtækjum. Heildarhagnaðurinn er um 319 milljónum króna minni en fyrir árið 2013. Hagnaður af reglulegri starfsemi eykst hins vegar um 2,68 milljarða króna.

Á fundi Birnu Einarsdóttur, forstjóra Íslandsbanka, og Jóns Guðna Ómarssonar fjármálastjóra með blaðamönnum í gær kom fram að þessir tveir þættir hafi sífellt minni áhrif á afkomu bankans og því megi búast við að ekki sjáist jafn háar tölur um hagnað á næstu árum og gerist nú. Birna bendir á að virðisbreyting eigna sé nú 7,8 milljarðar en hafi verið 18 milljarðar í fyrra. „Það er að koma meiri vissa í safnið,“ segir Birna og bendir á að þetta eigi eftir að fjara út með tímanum.

Ný útlán Íslandsbanka jukust úr 100 milljörðum króna árið 2013 í 165 milljarða á síðasta ári. Birna segir að níu mánaða uppgjör bankanna hafi bent til þess að Íslandsbanki hafi aukið markaðshlutdeild sína í útlánum. Hún bíði svo eftir því að sjá ársuppgjör hinna bankanna til að fá þessa tilfinningu sína staðfesta.

Birna leggur áherslu á að verulega hafi dregið úr rekstrarkostnaði bankans að undanförnu. Það hafi orðið fjögur prósent raunlækkun á liðnu ári en 20 prósent lækkun þegar litið er til síðustu þriggja ára. „Þetta hefur verið heljarinnar verk, bæði 250 starfsmenn sem við höfum fækkað um á undanförnum þremur árum og einföldun á starfseminni hvar sem við höfum getað. Þessi verkefni eru enn þá í gangi,“ segir Birna. Búist er við því að starfsmönnum bankans muni fækka um tíu prósent á næstu árum.

Þá segir hún að vaxtamunur bankans hafi lækkað frá fyrra ári og sé nú að ná jafnvægi í þremur prósentum. „Hann var mjög hár fyrstu árin eftir hrun vegna þess að hluti af því var tengt því að það var svo mikið misvægi á milli innlánsvaxtanna á lánum sem við vorum að taka yfir í íslenskum krónum og svo var stór hluti af erlendum lánum á erlendum vöxtum,“ útskýrir Birna. Hluti af matinu á lánasafninu hafi falist í því að jafna þetta eins mikið og hægt væri. Þessi mismunur hafi því verið inni í vaxtatekjunum fyrstu árin en síðan jafnast út. „En við sögðum alltaf á þessum fundum að við höldum að þetta verði í þremur prósentum,“ segir hún.

Spurð hvort góð afkoma bankans verði til þess að hægt verði að minnka vaxtamun enn frekar eða lækka gjöld á viðskiptavini segir Birna að nú þegar óreglulegir liðir detti út sé horft til þess að styrkja frekar undirliggjandi rekstur bankans. „Mér finnst ég ekki vera komin þangað sem ég vil vera með hann. Þannig að það er töluvert erfitt í því. Við erum bara að vinna að því. Við erum að vinna að einföldun í kerfunum okkar og að sjálfsögðu vonum við að við getum skilað því. En það er þó þannig að það er mikil samkeppni á útlánamarkaði,“ segir Birna og bendir á að þessi samkeppni komi viðskiptavinum bankans til góða.

jonhakon@frettabladid.is



**UPPGJÖRIÐ KYNNT** Búist er við því að starfsmönnum bankans muni fækka um 10 prósent til viðbótar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## HAGNAÐUR ARION JÓKST UM 126 PRÓSENT



**HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON**

Hagnaður Arion banka eftir skatta nam 28,6 milljörðum en var 12,7 milljarðar árið á undan. Eykst hann því um 126 prósent. Hagnaður af aflagðri starfsemi, einkum sölu á hlut í HB Granda, nam 6,8 milljörðum króna samanborið við 0,4 milljarða árið 2013 og hrein virðisbreyting eigna er jákvæð um 2,1 milljarð en var neikvæð um 0,7 milljarða árið á undan.

Höskuldur Ólafsson bankastjóri segir í tilkynningu að áhrifa óreglulegra liða muni gæta í minni mæli á næstu misserum enda góður stöðugleiki í rekstri bankans og úrvinnsluverkefnum sem tengjast hruninu að fækka ár frá ári. „Það verður áfram forgangsatriði að efla þjónustu við viðskiptavini okkar og styrkja þannig reglulega starfsemi bankans og arðsemi enn frekar,“ segir Höskuldur. Áhersla verði lögð á þóknanatekjur og frekari hagræðingu sem muni meðal annars nást með frekari þróun þjónustuleiða og þeirra nýjunga sem eru að eiga sér stað í þjónustu bankans við viðskiptavini.


# Skýr stefna er eitt en framkvæmd stefnu skiptir ÖLLU MÁLI

## 4Dx örnámskeið og reynslusögur íslenskra stjórnenda, 6. mars 2015

Lærðu áhrifaríka og margreynda aðferð við innleiðingu á raunverulegum og varanlegum hegðunarbreytingum. Heyrðu forstjóra Ölgerðinnar og Vodafone lýsa því hvernig stjórnendateymin þeirra hafa nýtt sér aðferðarfræðina til að auka árangur sinn. FranklinCovey hefur á undaförnum áratug þróað skilvirka aðferðarfræði (The 4 Disciplines of Execution – 4Dx) til innleiðingar á stefnumótandi breytingum í fyrirtækjum. Expectus og FranklinCovey á Íslandi hafa á undanförnum þremur árum unnið með íslenskum fyrirtækjum að þjálfun stjórnenda og innleiðingu á aðferðarfræðinni. Við bjóðum stjórnendum og þeim sem bera ábyrgð á árangri fyrirtækja og stofnana að sækja morgunstund til að kynnast þessari áhrifamiklu aðferð við að snúa orðum í athafnir og ná framúrskarandi árangri í rekstri.

**Stund:**
Föstudaginn 6. mars 2015
9:00 til 12:00

**Staður:**
Nordica Hótel, Salur H

**Þáttakendur:**
Stjórnendur íslenskra vinnustaða og þeir sem bera á ábyrgð á að árangur náist.

**Verð:**
IKR 19.900.-

**Innifalið:**
Innifalið í skráningargjaldi er metsölubókin **The 4 Disciplines of Execution**, þriggja klukkustunda örkynning á aðferðafræði FranklinCovey um innleiðingu stefnu, tveggja tíma einkafundur með ráðgjafa í kjölfar námskeiðsins auk aðgangs að ítarefni á sérstakri vefsíðu og morgunverður.




**Skráning hjá:**
**sifsigfus@franklincovey.is**
**eða í síma 775-7077**

**Sérfræðingar á sviði innleiðingar stefnu**

Ráðgjafar Expectus hafa unnið með aðferðafræði FranklinCovey við innleiðingu stefnu sl. þrjú ár með athyglisverðum árangri.



**Kristinn T. Gunnarsson** ráðgjafi og framkvæmdastjóri hjá Expectus, er einn reynslumesti stefnumótunarráðgjafi landsins. Hann hefur leitt á fjórða tug stefnumótunarverkefna og starfað með fjölmörgum af 300 stærstu fyrirtækjum landsins á sviði stefnumótunar, markaðs- og þjónustumála sl. ár auk kennslu við HR. Kristinn er með vottun í 4DX aðferðafræðinni og starfar með teymi Franklin-Covey á Norðurlöndunum.





**Andri Þór Guðmundsson** forstjóri Ölgerðarinnar og **Stefán Sigurðsson** forstjóri Vodafone munu deila reynslusögum af innleiðingu 4Dx í fyrirtækjum sínum og sitja fyrir svörum í lokin.

FranklinCovey expectus
www.franklincovey.is www.expectus.is


Fjárfestar fá lykilupplýsingar um meira en 800 ólík fyrirtæki:

# Nasdaq semur við Morningstar

Greiningarfyrirtækið Morningstar, sem er leiðandi í óháðum markaðsgreiningum, hefur verið valið til að bjóða upp á „Company Fact Sheet“-þjónustu fyrir skráð fyrirtæki á Nasdaq á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum. Með þjónustunni fá fjárfestar aðgang að lykilupplýsingum fyrir meira en 800 fyrirtæki sem skráð eru á aðalmörkuðum Nasdaq á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

Bankar, fjölmiðlar og fleiri aðilar munu fá bréf í dag þar sem tekið er fram að þeim sé heimilt að birta þessar upplýsingar á sínum síðum endurgjaldslaust. Að auki verður þjónustan aðgengileg til niðurhals á vefsíðum Nasdaq Nordic og Eystrasaltsríkjanna. Þjónustan er ókeypis og mun Morningstar uppfæra gögnin daglega. Um er að ræða tveggja síðna yfirlit fyrir hvert skráð félag sem mun innihalda upplýsingar um meira en 100 undirstöðuatriði, þar á meðal fjárhagsupplýsingar og frammistöðugreiningu. - jhh



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Þjónustan Company Fact Sheet verður aðgengileg á vefsíðum Nasdaq Nordic og Eystrasaltsríkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Fjölskyldufyrirtækið Pfaff hf. á 229 milljónir í óráðstöfuðu eigin fé:

# 34 milljónir í hagnað

Hagnaður fjölskyldufyrirtækisins Pfaff hf. nam 33,8 milljónum króna á árinu 2014 og jókst um rúmar tólf milljónir frá fyrra ári. Þetta má lesa úr ársreikningi sem sendur var ársreikningaskrá á fimmtudag í síðustu viku. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir nam 44,9 milljónum króna en var 29,1 milljón árið á undan. Eignir félagsins nema samtals tæplega 283 milljónum króna, þar af er eigið fé tæplega 229 milljónir króna, sem þýðir um 81 prósent eiginfjárhlutfall. Þar af er óráðstafað eigið fé um 229 milljónir króna.

Gert er ráð fyrir að fimmtán milljónir verði greiddar í arð fyrir síðasta reikningsár. Pfaff hf. er í eigu Kristmanns Magnússonar og fjölskyldu hans. Dóttir Kristmanns, Margrét, er framkvæmdastjóri félagsins. - jhh



**HJÁ PFAFF** Margrét Kristmannsdóttir er framkvæmdastjóri fyrirtækisins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


„UMBÚÐIRNAR? ÉG FÆ ALLT HEILA KLABBIÐ HJÁ ODDA“
KASSAR ÚR KARTONI & BYLGJUPAPPA
POKAR FYRIR BRAUÐ OG ANNAÐ GÚMMELAÐI
LOFTÞÉTT FRAMLEIÐSLA!
SÝNINGAR-STANDAR
UMBÚÐIR SEM AUÐVELDA FLUTNING
VERNDAR & LENGIR LÍFTÍMA VÖRUNNAR!
ÁPRENTAÐIR BRÉFPOKAR
KAKA EKKI FRÁ ODDA
BOX
BURÐARPOKAR, PLASTPOKAR, RUSLAPOKAR
ODDI HEFUR FRAMLEITT ALLSKONAR PAPPÍRS-, KARTON- OG PLASTUMBÚÐIR Í 80 ÁR. UMBÚÐIRNAR SVARA ÞÖRFUM KRÖFUHARÐRA VIÐSKIPTAVINA Í ATVINNULÍFINU, TIL DÆMIS Á VEITINGA-STÖÐUM & KAFFIHÚSUM.
→ ODDI.IS / 515-5000
ODDI
VIÐ ERUM ODDI.
VIÐ FRAMLEIÐUM UMBÚÐIR.

# Tíu prósent þjóðarinnar taka þátt

***Hinn árlegi HönnunarMars fer fram dagana 12.-15. mars næstkomandi. Sara Jónsdóttir, nýr verkefnisstjóri hátíðarinnar, segir að um 2-300 hönnuðir sýni þar verkefni sín og um þrjátíu þúsund Íslendingar skoði það sem í boði er. Áhugi útlendinga eykst sífellt og fjölmargir hönnuðir stofna til viðskiptasambanda á hátíðinni.***

**VIÐTAL**
**Jón Hákon Halldórsson**
jonhakon@frettabladid.is



Hátíðin HönnunarMars fer fram 12.-15. mars næstkomandi og er hún löngu orðin að árlegum viðburði. Sara Jónsdóttir, viðskipta- og markaðsfræðingur, er verkefnisstjóri hátíðarinnar í fyrsta sinn.

„Hönnunarmiðstöð er stofnuð rétt fyrir hrun og þá kom fljótlega til tals að gera hátíð líkt og tíðkast víða erlendis. Þarna voru allar greinar hönnunar komnar saman undir einum hatti Hönnunarmiðstöðvar. Það höfðu áður verið haldnir hönnunardagar en ekki reglulega,“ segir Sara, þegar hún er spurð um tildrögin að því að HönnunarMars varð til. Hún segir að þetta hafi þótt kjörið tækifæri, þegar allir voru sameinaðir, til þess að koma íslenskri hönnun og arkitektúr á framfæri. „Og þegar hrunið varð þá voru allir sammála um að láta það ekki setja strik í reikninginn heldur láta slag standa og keyra á þetta. Og líkt og gerist svo oft í kreppu þá komu skapandi greinar sterkar inn,“ segir hún.

***Hvaða greinar eru mest áberandi á hátíðinni?*** „Þessi hátíð er svolítið sérstök fyrir það að þar eru allar greinar hönnunar kynntar; arkitektúr, fatahönnun, vöruhönnun, grafísk hönnun auk keramíkur, skartgripahönnunar og textíls,“ segir Sara. Hún segir að öllum greinum sé gert jafn hátt undir höfði þótt þær geti verið misjafnlega áberandi frá ári til árs. Þetta sé grasrótarhátíð og þess vegna er heilmikil samkeppni um athygli innan hennar. Grafískir hönnuðir séu áberandi í ár, einnig arkitektúr og í ár taki margir fatahönnuðir þátt líka. „Það er svolítið erfitt að benda á hvað verður sterkast,“ segir hún. Almennt sé mikil gróska í hönnun. Það hafi til dæmis verið augljóst í haust þegar Hönnunarverðlaun Íslands voru afhent í fyrsta sinn. „Það er mikið og faglegt starf sem er unnið og gaman að sjá hvað breiddin er mikil og margt er í gangi,“ segir Sara.

**Byrjar með DesignTalks**

Ráðstefnan DesignTalks markar upphaf HönnunarMars. Þar sýnir einvalalið alþjóðlegra hönnuða og arkitekta fram á mikilvægi leiks í hönnun og nýsköpun og fjallar um helstu strauma og stefnur. Yfirskriftin er Play Away. „Hlín Helga Guðlaugsdóttir upplifunarhönnuður er listrænn stjórnandi. Við höfum fundið fyrir því að margir hönnuðir eru að vinna með þessa yfirskrift í viðburðunum sínum. Þemað hefur smitast yfir á hátíðina,“ segir Sara.

***Hvaðan koma þessir erlendu fyrirlesarar?*** Á meðal helstu fyrirlesara er grafískur hönnuður sem heitir Jessica Walsh frá New York. „Hún er spútnik og undrabarn. Hún er tæplega þrítug og byrjaði að forrita þegar hún var ellefu ára gömul,“ útskýrir Sara. Þegar hún var nýútskrifuð úr námi fór hún að vinna hjá Stefan Sagmeister, einum þekktasta grafíska hönnuði í heiminum, sem gerði hana fljótt að meðeiganda í fyrirtækinu sínu. „Hún hefur unnið mjög áhugaverð verkefni, meðal annars mjög þekkt verkefni sem heitir „40 days of dating“. Hún og félagi hennar ákváðu að fara á 40 stefnumót á 40 dögum hvort með öðru og blogguðu um það í hvort í sínu lagi. Þau sáu ekki bloggfærslur hvort annars en aðrir gátu séð þær. Þau eru bæði grafískir hönnuðir og þetta var því allt gert á mjög fallegan hátt. Síðan var gefin út bók um þetta sama efni og núna er Warner búið að kaupa kvikmyndaréttinn á bókinni,“ segir Sara. Af öðrum hönnuðum nefnir Sara Walter Van Beirendonck sem er belgískur fatahönnuður og frumkvöðull á sviði herratísku, hugmyndasmiður með meiru, Martí Guixé, vöru- og innanhússhönnuð frá Spáni, sem hannaði m.a. Camper-verslanirnar. Hann er líka frumkvöðull í matarhönnun og stýrir fyrsta meistaranámi í matarhönnun í heiminum. Julien de Smedt er frumkvöðull á sviði arkitektúrs og Anthony Dunne á sviði hönnunar og samskipta.

Hönnun er sífellt að þróast og tengist sterkar öðrum greinum. Sara nefnir sem dæmi matarhönnun sem snýst, eins og heitið gefur til kynna, um hönnun á mat. „Þetta snýst ekkert endilega um matreiðsluna, heldur þróun vörunnar sjálfrar, nálgunina og konseptið og að vinna með mat í upplifun. Hér á landi hafa komið fram ýmis skemmtileg verkefni í matarhönnun. Til dæmis stefnumót hönnuða og bænda sem var verkefni sem Listaháskóli Íslands leiddi en þar voru gerðar tilraunir með nýjar leiðir í matvælaþróun og ýmsar skemmtilegar vörur urðu til eins og skyrkonfekt,“ segir Sara.

**Faglegt starf**

Sara segir að menntun í hönnun hér á landi sé mjög fagleg og hingað til lands komi erlendir stúdentar að læra hönnun. „Listaháskólinn stendur sig vel í þeim efnum. Hönnunarmiðstöð fékk til sín hóp í haust frá Listaháskólanum og kynningin varð að fara fram á ensku því að svo margir úr hópnum töluðu ekki íslensku,“ segir hún. Það séu líka margir sem komi hingað til lands til að vera viðstaddir HönnunarMars. „Við eigum erfitt með að mæla fjölda erlendra gesta nákvæmlega því maður kaupir sig ekki inn á hátíðina í heild. Við seljum HönnunarMarspakka í samstarfi við Icelandair og Pink Iceland og reynum að halda vel utan um alla gesti sem við vitum af. Talan hefur smám saman verið að vaxa þannig að við eigum von á um 4-500 erlendum gestum í ár,“ segir Sara. Þá sé erlendum sýnendum alltaf að fjölga. „Hátíðin hefur spurst mjög mikið út erlendis og hún þykir sérstök og áhugaverð,“ segir Sara. Hún bendir á að hönnunarhátíðir erlendis séu oft nokkuð lokaðir fagviðburðir sem almenningur hafi ekki greiðan aðgang að. „Hér fer hátíðin fram um alla borg og er fyrir alla sem er auðvitað eitt af því sem laðar að erlenda gesti,“ segir Sara. Hún segir að um 30 þúsund Íslendingar sæki hátíðina ár hvert. „Við erum ein af fjórum stærstu hátíðunum í Reykjavík,“ segir Sara.

***Fer fjöldi Íslendinga vaxandi?*** Sara segir að fjöldi Íslendinga hafi verið nokkuð stöðugur síðustu þrjú árin að minnsta kosti. „Tíu prósent þjóðarinnar taka þátt og við biðjum ekki endilega um meira. Það eru haldnir viðburðir út um allan bæ, oft eru um 2-300 hönnuðir sem sýna á um 100 viðburðum. Fólk hefur almennt mikinn áhuga á hönnun og því sem er að gerast,“ segir hún. Það sé auðveldara fyrir fólk núna að átta sig á því hvað íslensk hönnun er en nokkru sinni fyrr. HönnunarMars hafi átt mikinn þátt í að auka meðvitund fólks.

Þá segir Sara að HönnunarMars sé mikil hátíð tengslamyndunar. „Íslenskir hönnuðir kynnast innbyrðis og kynnast erlendum kaupendum. Við erum með kaupstefnudag á föstudeginum og fáum mjög flott erlend fyrirtæki og kaupendur þangað til fundar við íslenska hönnuði. Hingað hafa komið toppstjórnendur frá fyrirtækjum eins og Iittala, Artek, Normann Copenhagen, Hay, Design House Stockholm og fleiri,“ segir Sara. Erlendu kaupendurnir fá umsóknir frá íslenskum hönnuðum og velja út frá þeim hverja þeir vilja hitta. „Þetta er mjög markviss kaupstefna og úr verða viðskipti og ný samstarfsverkefni,“ segir Sara. Hún segir að nokkuð margir hönnuðir hafi náð samningum erlendis í gegn um DesignMatch og erlendu kaupendunum finnst þetta mjög áhugavert og sérstakt verkefni hjá okkur. Bryndís Bolladóttir hefur til dæmis hannað fyrir Normann Copenhagen og Hildigunnur og Snæfríð fyrir Wrong for Hay,“ segir Sara.

***Hafið þið náð að fylgjast með árangri þeirra sem eru að sýna á hátíðinni?*** „Já, við erum í mjög góðu samtali við hönnuðina. Þeir hafa margir hverjir náð góðum árangri. HönnunarMars er allt frá því að vera skemmtileg borgarhátíð yfir í viðskiptastefnumót og við erum að ná til margra markhópa í einu. Þarna verða til tengsl sem verða oft upphaf að einhverju stærra,“ segir Sara. Hún segir að það hafi orðið til mjög skemmtilegir og oft óvæntir samstarfsfletir þegar erlendir aðilar koma hingað og eru að sýna.

Hún segir að einnig komi fjöldi blaðamanna til landsins. „Fyrst þurftum við að hafa fyrir því að bjóða þeim en núna eru blaðamenn farnir að sækja í að koma sjálfir, sem er frábært,“ segir Sara. Hún segir blaðamennina helst koma frá Evrópu og Bandaríkjunum.

Sara segir að hátíðin velti um 30 milljónum og eigin tekjur hafa verið að aukast á undanförnum árum. Reykjavíkurborg sé stærsti styrktaraðili hátíðarinnar en mörg fyrirtæki vinni með stjórnendum í því að byggja verkefnið upp. „Þetta eru fyrirtæki sem skilja mikilvægi þolinmæði í frumkvöðla- og uppbyggingarstarfi eins og fram fer á HönnunarMars. Þau átta sig á að verkefnum sem snúa að samfélagsábyrgð fylgi ekki „instant gratification“ sem við erum ákaflega þakklát fyrir,“ segir Sara.

Hún leggur áherslu á að hugmyndin sé ekki að HönnunarMars skili hagnaði til Hönnunarmiðstöðvar, bara að hann standi undir sér. Markmiðið sé að hönnuðir og fyrirtæki þeirra fái góðan vettvang til að kynna sig og geti þar með aukið viðskipti sín og hagnað. Þar að auki skapi hátíðin veltu og tekjur fyrir mörg fyrirtæki í borginni og hafi þannig margvísleg og mikilvæg afleidd áhrif, meðal annars fyrir ferðaþjónustu.

„HönnunarMars er langtímaverkefni sem gengur út á að vekja athygli á mikilvægi hönnunar fyrir efnahagslífið og samfélagsþróun. Við höfum nú þegar náð heilmiklum árangri því fyrirtæki og stofnanir eru í vaxandi mæli farin að horfa út fyrir sínar hefðbundnu leiðir í vöruþróun og markaðsstarfi. Við finnum fyrir vaxandi áhuga á því sem við erum að segja og auknni eftirspurn eftir þjónustu hönnuða og arkitekta. DesignTalks-dagurinn í Hörpu er mjög mikilvægur í þessu sambandi því þangað geta þeir sem þurfa að fylgjast með helstu straumum og stefnum sótt sér góðan innblástur,“ segir Sara.

> **Hingað hafa komið toppstjórnendur frá fyrirtækjum eins og Iittala.**



**STÝRIR Í FYRSTA SINN** Sara Jónsdóttir hafði unnið víða þegar hún ákvað að gerast verkefnastjóri HönnunarMars hjá Hönnunarmiðstöð Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## ORKUMIKIÐ MILLIMÁL

**Millimálið vefst fyrir mörgum. Hér er ein hugmynd: 100 g möndlur, 100 g pekanhnetur, 1 msk. smjör, 1 msk. hlynsíróp, 1 tsk. þurrkað rósmarín, 1 tsk. chili-flögur og salt eftir smekk. Léttsteikt á pönnu, sett í hæflega stór box og ofan í tösku.**

# NÝTT LÍF MEÐ HJÁLP CURCUMIN

**BALSAM KYNNIR** *CURCUMIN frá Natural Health Labs. Allt að fimmtíu sinnum áhrifameira en hefðbundið túrmerik! Tilvalið fyrir þá sem vilja styrkja liðamótin, auka liðleika, bæta andlega líðan, auka orku ásamt því að losna við langvarandi liðverki, bólgur, gigt og magavandamál. Steinunn Kristjánsdóttir segir Curcumin hafa gefið sér nýtt líf.*

Steinunn Kristjánsdóttir er sjúkraliði að mennt og vinnur í dag við verslunarstörf. Hún hefur átt við mikla verki að stríða um allan líkamann í yfir 25 ár eftir að hún lenti í slæmu bílslysi. „Mér var alltaf illt í öllum líkamanum og vildi helst alltaf fara heim snemma ef ég fór út. Ég gat ekki haldið á bók til lestrar og vaknaði iðulega á næturnar og gat ekki sofnað vegna verkja.“ Steinunn var búin að reyna allt til að öðlast betri líðan án árangurs og taldi sig einfaldlega þurfa að sætta sig við verkina. „Nuddkonan mín sagði mér þá frá Curcumin sem hefur í sannleika sagt gefið mér nýtt líf. Ég er búin að taka inn Curcumin í einn og hálfan mánuð, ég missti úr fjóra daga og það var þá sem ég uppgötvaði að Curcumin er það sem hjálpar mér að losna við alla verki.“

**BARNABÖRNIN SEGJA „AMMA ER FARIN AÐ HLAUPA“**

Steinunn segir að það besta við að vera laus við verkina séu betri stundir með fjölskyldunni. „Ég er svo þakklát fyrir að geta liðið vel í eigin líkama og notið þess að vera með barnabörnunum mínum. Mér fannst skemmtilegt að heyra barnabarnið mitt segja mömmu sinni að amma sé bara farin að hlaupa upp stigann,“ segir Steinunn og hlær. „Hún hafði ekki séð það áður. Það er svo mikill lífsvilji í mér að ég verð að fá að lifa lífinu lifandi. Mér þykir rosalega gaman að fara á skíði, synda, hjóla, ganga á fjöll og loksins sé ég fram á að geta farið að gera það sem ég elska aftur. Ég er hins vegar mest ánægð með að vera orðin skemmtilega Steinunn aftur.“



**MÆLIR MEÐ** Steinunn Kristjánsdóttir sjúkraliði mælir eindregið með Curcumin.

## SÖLUSTAÐIR

Fáanlegt í nær öllum apótekum landsins, Lyfju, Apótekinu, Apótekaranum, Lyfjum og heilsu, Lyfsalanum, Lifandi markaði, Hagkaupi, Fjarðarkaupum, Heilsuhorninu Blómavali, Heilsuveri, Heilsulausn.is og Heimkaupum.




**VISSIR ÞÚ** að yfir 3.000 rannsóknir hafa verið framkvæmdar á Curcumin?

**RÁÐLÖGÐ NOTKUN**
Taktu tvö grænmetishylki með vatnsglasi yfir daginn.

**100% NÁTTÚRULEGT**
Bætiefnið er unnið úr túrmerikrót frá Indlandi og er 100% náttúrulegt, inniheldur engin rotvarnarefni og framleitt eftir ströngustu gæðakröfum (GMP-vottað).

## CURCUMIN (gullkryddið)

er virka innihaldsefnið í túrmerikrótinni og hefur verið notað til lækninga og til matargerðar í yfir 2000 ár í Asíu. Hátt í 3.000 rannsóknir hafa verið gerðar á þessari undrarót undafarna áratugi sem sýna að Curcumin getur unnið kraftaverk gegn hinum ýmsum kvillum líkamans og sé jafnvel áhrifameira en skráð lyf. Curcumin hefur jákvæða verkun gegn slæmum liðum, gigt, bólgum og magavandamálum, styrkir hjarta- og æðakerfið og getur hjálpað við að bæta heilastarfsemi og andlega líðan.

**HREINT CURCUMIN ER MARGFALT ÁHRIFAMEIRA EN TÚRMERIK**

CURCUMIN-innihald túrmeriks er ekki mikið, aðeins um 2–5% miðað við þyngd, og því getur hreint Curcumin orðið allt að 50 sinnum áhrifameira en túrmerik. Curcumin-bætiefni eru því kjörin lausn fyrir þá sem vilja fá hámarksávinning af túrmerikrótinni á þægilegan máta.



Hreinsandi
fyrir alla muni
Húsgagnahreinsun fyrir alla muni
Eldshöfða 1 S: 577-5000
Hreinsandi.is hreinsandi@hreinsandi.is

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Eitt hreinasta og öflugasta formið af Omega-3 fitusýrum
Hefur góð áhrif á:
• Hjarta- og æðakerfið
• Einbeitingu og minni
• Heila- og taugakerfið
• Hátt kólesteról
• Lifrarstarfsemi
• Teygjanleika húðarinnar
• Geðheilsu
• Bólgur og liðverki
Okkur er sönn ánægja að tilkynna að Norðurkrillið er komið aftur í sölu
Sölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur stórmarkaða og verslana

Verkirnir snarminnkuðu með Sore No More
Ína Jóhannsdóttir lenti í bílslysi árið 2010. Verkjalyf gögnuðust henni lítið en eftir að hún fór að nota Sore No More kæligelið hafa verkirnir snarminnkað.
Kælimeðferð:
• Frábært eftir æfingar
• Öflug kælivirkni
• Gott við vöðvabólgu
Hitameðferð:
• Virkar á þráláta verki
• Hjálpar til við að auka hreyfigetu
• Hentugt fyrir æfingar
SORE NO MORE Natural Pain Relieving Gel COOL THERAPY
SORE NO MORE Natural Pain Relieving Gel WARM THERAPY







**KAPP** Þeim, sem voru útbúnir til að keyra á ís og gátu farið í eltingaleik á ísnum, leiddist ekki í ferðinni.

# BUFFIN FRUSU FÖST

**FERÐIR** *Ferða og útivistarfélagið Slóðavinir fór í sína árlegu þorrablótsferð um liðna helgi en félagið var stofnað árið 2008 fyrir áhugafólk um ferðalög og útivist á torfæruvélhjólum og fjórhjólum. Metþátttaka var í ár þótt frostið biti hressilega.*

Við fengum frábært veður á laugardeginum. Það var reyndar svo mikið frost að þeir alskeggjuðu, sem voru með buffin dregin upp fyrir nef, gátu ekki tekið þau niður þegar þeir ætluðu að fá sér kaffi. Það var allt frosið fast,“ segir Hjörtur L. Jónsson, meðlimur í ferða- og útivistarfélaginu Slóðavinum en félagið fór í sína árlegu þorrablótsferð um liðna helgi.

Metþátttaka var í ferðinni þetta ár en þorrablótsferðin er oftast fyrsta ferð ársins; 25 félagsmenn á öllum aldri mættu á tvíhjólum og einu fjórhjóli til leiks. Ferðinni var heitið í Þykkvabæ líkt og síðustu þrjú ár en frá því félagið var stofnað árið 2008, hafði þorrablótsferðin verið farin um Snæfellsnes. En þótt frostið biti hressilega um helgina létu Slóðavinirnir það ekkert á sig fá.

„Það voru allir mjög vel búnir og eftir að við höfðum komið okkur fyrir í íþróttahúsinu klæddum við af okkur kuldann og fórum út að leika,“ segir Hjörtur.

„Félagsmenn voru misvel útbúnir til dekkja, en þeir sem voru á ónegldum hjólbörðum óku þá fjölmörgu slóða sem eru frá Þykkvabæ og niður í fjöru á meðan þeir sem voru á gaddadekkjum léku sér á ís. Frostið var nálægt tíu stigum og vindur um sjö metrar á sekúndu og við bættist hraði hjólanna. Fyrir vikið voru kaffipásur tíðar þennan dag og var brugðið á það ráð að hafa kaffikönnuna í anddyri íþróttahússins svo að ekki þyrfti að klæða sig úr skóm fyrir sopann góða,“ segir Hjörtur og ítrekar að félagið stundi ekki akstur utan vega.

„Einu skiptin sem við hjólum ekki á slóða er þegar við erum á ís eða harðfenni. Við erum mjög passasamt félag með þetta enda heitir félagið „Slóðavinir“. En því torfærari sem slóðinn er, því skemmtilegra þykir okkur auðvitað að hjóla hann, enda ástæðulaust að keyra utanvega þegar við eigum skemmtilegustu slóða í heimi.“

Að kvöldi dags settist hópurinn síðan niður og blótaði þorrann með tilheyrandi kræsingum og horfði á myndasýningu af ævintýrum dagsins á skjávarpa. Undir kvöld var allt útlit fyrir að ekkert yrði hjólað daginn eftir vegna veðurs en Hjörtur segir hópinn þó hafa verið bjartsýnan á góðan hjóladag á sunnudeginum.

„Það voru nánast allir komnir í svefnpoka fyrir miðnætti á laugardagskvöldið til að takast á við hjólamennsku sunnudagsins. En það fór eins og veðurfræðingar spáðu, hávaðarok og ekkert hjólaveður. Það var því ekkert annað en að skella í sig morgunmat þorrablótsferðarinnar sem er alltaf kjötsúpa, en í þorrablótsferðum er það hefð að elda mikið magn af kjötsúpu sem dugir í morgunmat, hádegismat og er afgangurinn drukkinn í kaffitímanum. Nokkrir félagsmenn reyndu að bíða af sér veðrið fram eftir degi en það var einfaldlega of hvasst til að reyna hjólamennsku þann daginn og ekkert annað í stöðunni en að játa sig sigraðan af veðurofsanum, skella í sig öðrum diski af kjötsúpu og halda heim.“

Þá viðburði sem fram undan eru á árinu má sjá á vefsíðu félagsins, www.slodavinir.is.

■ heida@365.is



**TILÞRIF** Þórður Antonsson sýndi tilþrif í klakahrönglinu sem komið hafði niður Þjórsá, þar sem Vikartindur strandaði á sínum tíma. MYNDIR/SIGURJÓN ANDRÉSSON



**HASAR** Karl Sigurðsson í klakahrönn.



**GÓÐ MATARLYST** Eftir hressilegan hjóladag settist hópurinn niður og gæddi sér á þorramat.


Bring ideas to life
VIA University College

viauc.com

NÁM Í DANMÖRKU

Hjá VIA University College í Horsens bjóðum við upp á margvíslega menntun

Í boði er:

Á ENSKU OG DÖNSKU
- Byggingafræði
- Véltæknifræði
- Byggingaiðnfræði
- Markaðshagfræði
- Byggingatæknifræði

Á ENSKU
- Tölvutæknifræði
- Framleiðslutæknifræði
- Útflutningstæknifræði
- BS í Markaðsfræði

Á DÖNSKU
- Véltækni
- Landmælingar
- Vöruþróun og tæknileg sameining
- Aðgangsnámskeið

Kynningardagur í Norræna Húsinu í Reykjavík
Fulltrúi skólans Johan Eli Ellendersen, verður á Íslandi 27.02.-07.03., 2015. Áhugasamir geta haft samband í síma 8458715, eða netfang jee@via.dk. Leggið inn skilaboð/skrifa og við munum hringja/skrifa til baka.

VIA University College
Chr. M. Østergaards Vej 4
DK-8700 Horsens
Tel. +45 8755 4000
Fax: +45 8755 4001
Mail: horsens@viauc.dk

6047



Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

# MIÐSVETRARSPRENGING

# 30-50%

**afsláttur af öllum vörum***
**aðeins í fjóra daga**



**COSMO**
**Kringlunni**

*nema af fermingarkjólum

# TÖKUM GAMLA PRENTARA UPP Í NÝJA EPSON PRO FYRIR 20.000 KRÓNUR !

**ALLT AÐ 50% LÆGRI PRENTKOSTNAÐUR**




**69.990**
~~VERÐ 89.990~~

**29.990**
~~VERÐ 49.990~~

**49.990**
~~VERÐ 69.990~~

EPSON
WorkForce Pro

SKOÐA BÆKLING

**LOSAÐU FYRIRTÆKIÐ VIÐ ÓHAGKVÆMA PRENTARA**

Það er ekki verðið á prentaranum sem skiptir mestu máli, heldur kostnaðurinn við að reka hann. Ódýrustu prentararnir eru yfirleitt dýrastir þegar upp er staðið. Komdu með gamla og óhagkvæma prentara til okkar og leyfðu okkur að farga þeim við hátíðlega athöfn. Í staðinn færðu glænýjan Epson Workforce Pro með 20.000 króna afslætti, nýjustu tækni og getur lækkað prentkostnað um allt að 50% í samanburði við vinsæla laserprentara. Sparnaður sem getur numið hundruðum þúsunda hjá fyrirtækjum sem prenta mikið.

**Nánari upplýsingar í s. 414-1710 og sala@tl.is**

tl.is
TÖLVU LISTINN
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

# Stefnir á að hlaupa maraþon í Chicago

***Sigþór Jónsson var í síðustu viku ráðinn framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa. Sigþór er mikill íþróttamaður, spilaði knattspyrnu með Völsungi og hefur nokkrum sinnum hlaupið maraþon.***

Sigþór Jónsson var í síðustu viku ráðinn framkvæmdastjóri Íslenskra verðbréfa hf. Hann var áður framkvæmdastjóri Straums sjóða hf. og þar áður gegndi hann störfum framkvæmdastjóra Landsbréfa hf. Hann hefur einnig verið forstöðumaður sérhæfðra fjárfestinga hjá sjóðastýringarfyrirtækinu Stefni hf. og leiddi þar meðal annars uppbyggingu innlendra framtakssjóða félaganna.

Íslensk verðbréf eru með höfuðstöðvar á Akureyri. Spurður hvort til standi að flytja norður segir Sigþór að hann sé að minnsta kosti kominn með annan fótinn þangað. „Ég er fæddur og uppalinn á Húsavík,“ segir Sigþór og það geti því vel komið til greina að búa fyrir norðan.

„Íslensk verðbréf eru afar spennandi félag. Það rekur sögu sína allt til ársins 1987 og hefur á þessum tæplega þrjátíu árum náð sterkri stöðu í eignastýringu á íslenskum fjármálamarkaði,“ segir Sigþór, spurður um það hvað hafi heillað við nýja vinnu. Félagið sé farsællega rekið, annálað fyrir fagleg vinnubrögð og gott starfsfólk. „Það er ögrandi verkefni að byggja ofan á þennan trausta grunn. Á undanförnum árum hefur ríkt ákveðin óvissa um eignarhaldið á félaginu sem e.t.v. hefur haft einhver hamlandi áhrif. Þeirri óvissu hefur nú að hluta til verið eytt og um leið getur skapast þægilegra andrúmsloft til að nýta þau sóknartækifæri sem gefast. Íslensk verðbréf eru eitt sterkasta vörumerkið á eignastýringarmarkaðnum og við munum líta til ýmissa tækifæra sem sú staða skapar okkur,“ segir Sigþór. Í dag fer Straumur fjárfestingabanki hf. með 58 prósenta hlut í Íslenskum verðbréfum hf., í gegnum Íslenska eignastýringu ehf., og svo eiga lífeyrissjóðir um 40 prósent. Fyrirtækið var með 112 milljarða í eignastýringu í lok síðasta árs.

Helstu áhugamál Sigþórs eru ferðalög og hlaup og svo er hann að byrja hjólreiðar líka. „Mig dreymir svo um að taka þátt í Ironman fyrir fertugt. Það er markmiðið um þessar mundir en ég setti mér reyndar sama markmið á sínum tíma fyrir 35 ára afmælið – án þess að drífa mig af stað – hvað þá alla leið,“ segir Sigþór, sem verður fertugur á næsta ári. Svo reynir Sigþór að eiga sem mestan tíma með fjölskyldunni. Hann er trúlofaður Guðrúnu Lilju Tryggvadóttir sérfræðingi á eignastýringasviði Arion banka og eiga þau tvö lítil börn. Sigþór á líka eina dóttur búsetta í Noregi.

Sigþór stundaði flestar íþróttir á sínum yngri árum á Húsavík, spilaði fótbolta með Völsungi og nokkra leiki með meistaraflokknum. Hann segist þó ekki hafa verið landsliðsefni. Hann hefur hlaupið nokkur maraþon og er skráður í maraþon í Chicago í maí með eldri systur og mági sem eru búsett þar og stefnir á að taka þátt í WOW Cyclothon. „Ég er ansi gjarn á að skrá mig og aðra í alls kyns vitleysu, en það verður stundum minna um efndir, þó eitthvað,“ segir Sigþór.

jonhakon@frettabladid.is



**TIL STARFA Á AKUREYRI** Sigþór er alinn upp á Húsavík og þekkir því Norðurlandið vel.
FRÉTTABLAÐIÐ /STEFÁN

## TEFLONHÚÐAÐUR EINS OG PÖNNURNAR GÓÐU



Sigþór er afskaplega góður bróðir sem er ávallt til staðar. Hann er alveg ofboðslega samviskusamur. Allt sem hann tekur sér fyrir hendur er gert alveg 110 prósent. Hans helsti veikleiki er hins vegar óstundvísi. Maður man eftir honum að læra fyrir próf og það var alltaf bara nóttina fyrir, en aldrei fékk hann slæma einkunn. Þegar hann var að gera mastersritgerðina þá hafði hann engan tíma og ég veit ekki hvernig hann gerði þetta og hvenær. Hann var ósáttur við ritgerðina en fékk samt hæstu einkunn. Þannig að hann er harður við sjálfan sig.

**Soffía Dagbjört Jónsdóttir**
verkefnastjóri hjá Reykjavíkurborg og systir Sigþórs.



Hann var ótrúlega lunkinn í gamla daga við það að koma sér í alls konar vandamál en það er enginn sem ég þekki sem er eins duglegur við að koma sér úr þeim aftur. Hann þjálfaðist mjög vel í því að gera gott úr hlutunum og nær að spila vel úr þeim kostum sem hann hefur hverju sinni. Við vorum saman í háskóla og unnum saman í nokkur ár. Þá hét það Rekstrarfélag Kaupþings en heitir Stefnir núna. Hann er ansi oft á síðustu stundu með hlutina en nær samt alltaf að bjarga sér úr hlutunum. Hann er teflonhúðaður eins og pönnurnar góðu sem ekkert festist á.

**Marínó Örn Tryggvason**
forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta hjá Arion og vinur Sigþórs




Mest seldu sendibílar Evrópu

> Gríðarsterk sendibílalína Ford

Ford hefur hlotið titilinn Sendibíll ársins – International Van of the Year árin 2013 og 2014. Í áratugi hafa fyrirtæki sett traust sitt á styrk, virkni og áreiðanleika Ford Transit enda mest seldu sendibílar Evrópu síðustu 40 ár.

**Kíktu í kaffi og spjall. Í sameiningu finnum við hagstæða fyrirtækjalausn fyrir þig.**

**Brimborg er stærst í sölu atvinnubíla á Íslandi. Veldu traust umboð með einstöku þjónustuframboði fyrir bíla- og tækjaflota.**

FORD **TRANSIT CONNECT** FRÁ **2.379.032 KR. ÁN VSK**

FORD **TRANSIT CUSTOM** FRÁ **3.491.935 KR. ÁN VSK**

FORD **TRANSIT VAN** FRÁ **4.431.452 KR. ÁN VSK**

20 ára afmæli Ford
brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16.

Ford
ford.is

Ford Transit Connect, EcoBoost bensín 100 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 5,6 l/100 km. CO2 losun 129 g/km. Verð með bensínvél frá 2.950.000 m/vsk.
Ford Transit Connect, 1,6TDCi dísil 75 hö. beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 4,4 l/100 km. CO2 losun 115 g/km. Verð með dísilvél frá 3.210.000 m/vsk.
Ford Transit Custom, 2,2TDCi dísil 100 hö., 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 6,9 l/100 km. CO2 losun 183 g/km. Verð frá 4.330.000 m/vsk.
Ford Transit Van, 2,2TDCi dísil 125 hö. 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 7,3 l/100 km. CO2 losun 194 g/km. Verð frá 5.495.000 m/vsk.
Tökum allar tegundir bíla upp í nýja. Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.




NÝHERJI ER LEIÐANDI FYRIRTÆKI Á SVIÐI UPPLÝSINGATÆKNI

Við höfum góða reynslu af framtíðinni!

BORGARTÚNI 37
SÍMI 569 7700
WWW.NYHERJI.IS

NÝHERJI

Umtalaðasta símtal síðustu ára var kannski stormur í vatnsglasi:

# Símtalið ekki aðalatriði málsins

Það var ómaklegt hjá höfundi Reykjavíkurbréfs Morgunblaðsins um liðna helgi að reyna að skrifa söguna sér í hag þannig að ákvörðun um 500 milljóna evra neyðarlán til Kaupþings banka 6. október 2008, banka sem við vitum núna að var að fara á hausinn á þeim tíma, hafi verið ákvörðun ríkisstjórnarinnar en ekki Seðlabankans.

Neyðarlánið til Kaupþings banka hefur aftur komist í kastljós fjölmiðla eftir dóm Hæstaréttar í Al-Thani-málinu enda má lesa úr þeim frumgögnum, tölvupóstum og símtölum, sem þar eru rakin að Kaupþing banki átti ekki gjaldeyri og var í meiriháttar lausafjárvandræðum aðeins tveimur vikum áður en bankinn fékk nær allan tiltekinn gjaldeyrisforða íslenska ríkisins að láni. Forstjóri Kaupþings banka sagði í tölvupósti 23. september 2008 að bankinn þyrfti að fara í „crisis mode“ vegna lausafjárvandræða, eins og kemur fram í dómi Hæstaréttar. Um þetta hafði hvorki bankastjórn Seðlabankans né ríkisstjórnin nokkra vitneskju.



**Markaðshornið**

Þorbjörn Þórðarson
thorbjorn@stod2.is

**Ljóst er hins vegar að báðir voru í góðri trú, seðlabankastjórinn og ráðherrann.**

Höfundur Reykjavíkurbréfs ryður ekki settum lögum til hliðar með skrifum sínum í Morgunblaðið. Lögin um Seðlabankann eru skýr um það hver tekur ákvarðanir um lánveitingar til þrautavara. Það er Seðlabankinn, sjálfstæð ríkisstofnun, óháð boðvaldi ríkisstjórnarinnar.

Hvorki forsætisráðherra, né ríkisstjórnin í heild, getur gefið bankastjórn Seðlabanka Íslands bindandi fyrirmæli um lánveitingar. Það er alveg skýrt í lögunum um Seðlabankann að það er bankans og þar með bankastjórnarinnar að taka ákvarðanir um lánveitingar til þrautavara til fjármálafyrirtækja. Neyðarlánið til Kaupþings banka, sem á endanum kostaði skattgreiðendur 35 milljarða króna, var lánveiting af slíku tagi. Skrif höfundar Reykjavíkurbréfs Morgunblaðsins breyta engu um þetta.

Við vitum hins vegar núna að bankastjórn Seðlabanka Íslands vildi styrkja umgjörð undir þessa ákvörðun með því að hafa að minnsta kosti velvilja forsætisráðherra fyrir henni. Málið var ekki rætt í ríkisstjórn.

Að framansögðu virtu skiptir auðvitað mjög litlu máli hvað kom fram í símtali Geirs H. Haarde og Davíðs Oddssonar þegar umrædd lántaka var rædd fyrir hádegi hinn 6. október 2008. Seðlabankinn var til þess bær að taka umrædda ákvörðun og lánveitingin hefði aldrei verið veitt væri bankastjórnin andsnúin henni. Davíð sagði sjálfur í viðtali í Kastljósi daginn eftir að algjör eining hefði verið meðal bankastjórnar Seðlabankans um lánið til Kaupþings. „Það var algjör eining um það og ég tilkynnti bankastjóra Kaupþings það að það hefði verið niðurstaðan,“ sagði Davíð í viðtalinu.

Þetta er dálítið kaldhæðnislegt, nánast fyndið, eftir á að hyggja að búið sé að eyða ófáum klukkustundum í umræður um þetta mál í þinginu og fjárlaganefnd þess. Það hefði dugað þingmönnum að lesa lögin um um Seðlabanka Íslands til að átta sig á því að það skipti kannski ekki höfuðmáli hvað kom fram í símtalinu. Í þessu símtali var formaður bankastjórnar Seðlabankans að fá velvilja forsætisráðherra fyrir neyðarláni eftir að bankastjórnin hafði ákveðið að veita lánið og „einhugur“ var hjá bankastjórninni um veitingu þess.

Ljóst er hins vegar að báðir voru í góðri trú, seðlabankastjórinn og ráðherrann, enda var markmiðið með láninu að hjálpa banka sem þeir töldu traustan. Trú þeirra og annarra reyndist á veikum grunni byggð enda að einhverju leyti reist á blekkingum stjórnenda Kaupþings banka.

## Franskir sósíalistar ósáttir við auðjöfurinn Gérard Mulliez




| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 8 | |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 10:10 | |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 8 | |
| KINGSMAN: THE SECRET SERVICE | KL. 10:40 | |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| HOT TUB TIME MACHINE 2 | KL. 8 - 10:10 | |
| THE THEORY OF EVERYTHING | KL. 8 | |
| JUPITER ASCENDING 2D | KL. 10:40 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ÍSLTAL 3D | KL. 5:50 | L |
| THE IMITATION GAME | KL. 5:30 | |

SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ



| SMÁRABÍÓ | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| HOT TUB TIME MACHINE | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| HRÚTURINN HREINN | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 8 - 10.45 | 16 |
| KINGSMAN | KL. 5 - 8 - 10.45 | 16 |
| SEVENTH SON | KL. 8 | 12 |
| THE WEDDING RINGER | KL. 10.20 | 12 |
| PADDINGTON 2D | KL. 3.30 - 5.45 - ÍSL TAL | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | AUKAKRÓNUR 5% | |
|---|---|---|
| VEIÐIMENNIRNIR | KL. 8 - 10.40 | 16 |
| HRÚTURINN HREINN | KL. 5.30 | L |
| FIFTY SHADES OF GREY | KL. 8 - 10.40 | 16 |
| BIRDMAN | KL. 8 - 10.40 | 12 |
| ÓLI PRIK | KL. 5.30 | L |
| ÖMURLEG BRÚÐKAUP | KL. 5.30 - 8 - 10.20 - ÍSL TEXTI | L |
| PADDINGTON | KL. 5.30 - ÍSL TAL | L |



**HÁRIÐ UMTALAÐA** Disney-stjarnan Zendaya skartaði síðum dreddum á Óskarnum.

## Sármóðgaði Disney-stjörnu

E!-sjónvarpsstjarnan Giuliana Rancic þurfti að biðja Disney-stjörnuna Zendaya Coleman afsökunar á ummælum sínum um hana og dredda í hári hennar eftir Óskarsverðlaunahátíðina. Sagði Rancic í þættinum Fashion Police að Coleman liti út fyrir að anga af patchouli-olíu eða grasi. Coleman móðgaðist mjög og sagði ummælin gríðarlega særandi. Rancic sendi henni síðar afsökunarbeiðni á Twitter og sagði að ummælin hefðu ekki átti neitt skylt við rasisma.

## Fóru saman úr Óskarspartíi



**CHRIS PINE**

Star Trek-leikarinn Chris Pine, sem áður var í sambandi með hinni íslensku Írisi Björk Jóhannesdóttur, hefur undanfarið sést með Zoe Kravitz, dóttur rokkarans Lenny Kravitz. Sáust þau yfirgefa Óskarsverðlaunapartí saman á sunnudag. Heimildarmaður nákominn þeim sagði þau aðeins vera góða vini og að þau hefðu þekkst í mörg ár. Orðrómur um að þau hefðu fellt hugi saman byrjaði síðastliðið haust þegar til þeirra sást saman á tónleikum með hljómsveitinni Coldplay. Áður var Kravitz í sambandi með Gossip Girl-leikaranum Penn Badgley.



**FLENGDUR** Hinn írski Jamie Dornan hefur fengið nóg af skuggunum fimmtíu.

## Segir skilið við skuggana

Jamie Dornan, aðalleikari 50 Shades of Grey, hefur tilkynnt að hann ætli ekki að leika í framhaldsmyndunum tveimur. Dornan segir ástæðuna vera að eiginkona hans til tveggja ára, Amelia Warner, sé mjög ósátt við grófu kynlífsatriðin sem Dornan þurfti að leika í á móti Dakota Johnson. Aðdáendur leikarans brugðust illa við og setti einn þeirra athugasemd á Twitter með kassamerkinu #whipped og sagði að hann ætti bara að skilja við konuna, ef hún væri svona ósátt.

# Samdauna súru samfélagi

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Fá engar konur bikar?“ Við sátum fjölskyldan og horfðum á sögu íslensku tónlistarverðlaunanna, Árið er, í sjónvarpinu þegar sá fimm ára hjó eftir þessu. Ég gerði það ekki sjálf, orðin svo samdauna samfélaginu að ég kippti mér ekkert upp við að sjá stríðan straum stráka og karla upp á svið að sækja verðlaun. Þetta er bara svona. Missti reyndar af Eddunni um helgina, hvernig var þetta þar? Sá heldur ekki Óskarinn, en frétti að leikkonunni Patriciu Arquette hefði verið klappað lof í lófa þegar hún þrumaði í ræðu eitthvað um launajafnrétti, að það væri tími til kominn! Jahérna, og árið er 2015.

**ÉG HEF** áður fengið svipaðar spurningar frá þeim yngstu í fjölskyldunni. Eitthvað sem þau sjá eða heyra, jafnvel í barnaefninu í sjónvarpinu, vekur athygli þeirra og þau spyrja í forundran. Af hverju sagði hann „grenjar eins og smástelpa?“ Af hverju sagði hann „kastar eins og stelpa?“ Fá engar konur bikar? Geta konur ekki verið fyndnar? Af hverju sagði hann „oj, það gera bara stelpur“ þegar hann átti að greiða sér? Þau eru hissa á þessu, botna ekkert í þessu, enda ekki nema von.

**STUNDUM** skammast ég mín fyrir að kynna þeim yngstu svo arfalélegt samfélag. Gjörið svo vel, krakkar mínir, árið er 2015 og svona er þetta bara. Alls konar óvirðing og misrétti sem við látum bara viðgangast í rólegheitunum. Malla við vægan hita. Hausinn í sandinn og allir glaðir.

**ÉG TEL** mig þokkalega meðvitaða um virðingarsnautt viðhorf gagnvart konum og ójafna stöðu kynjanna á hinum ýmsu og ófáu sviðum. Ég kippti mér hins vegar einhverra hluta ekkert upp við það að nánast engar konur fengu bikar þar sem við sátum þarna, fjölskyldan, og horfðum á sögu íslensku tónlistarverðlaunanna. Skyndilega sló það mig að ef við stöndum okkur ekki í stykkinu við útskýringar á ójafnvægi og misrétti þegar þau yngstu spyrja er bara tímaspursmál hvenær þau hætta líka að kippa sér upp við þetta.

**GLÆSILEG** Ofurfyrirsætan Isabel Fontana með förðun eftir Ísak.





**ÍSAK FREYR HELGASON**

### Um Isabel Fontana

- Fædd 4. júlí 1983 í Brasilíu.
- 16 ára sat hún fyrir hjá Victoria's Secret, sem vakti mikla umræðu vegna þess hve ung hún var.
- 2004 var hún á forsíðu septemberútgáfu bandaríska Vogue.
- Hún hefur verið andlit hjá stærstu tískufyrirtækjum heims eins og Chanel, Versace, Dolce and Gabbana og Oscar de la Renta.
- Lengi var hún andlit snyrtivörurisans L'Oréal.

# Farðaði ofurfyrirsætu fyrir Chanel samkomu

**Förðunarmeistarinn Ísak Freyr Helgason er að gera það gott á tískuvikunni í London, og í kjölfar vinnu hans þar var honum boðið á tískuvikuna í París.**

Förðunarmeistarinn Ísak Freyr Helgason fékk þann heiður að farða ofurfyrirsætuna Isabel Fontana á mánudag. Tilefnið var Chanel-partí á vegum Karls Lagerfeld í tilefni af London Fashion Week. „Ég er að sjá um hana yfir tískuvikuna í London,“ segir Ísak.

Verkefnið fékk hann í gegnum fyrirsætuskrifstofuna NEXT Modelling Agency. „Það er búið að vera ótrúlega fyndið og skemmtilegt að vinna með henni. Hún er búin að vera alveg tryllt í það að reyna að gera eins skrítin lúkk og hægt er,“ segir Ísak og bætir við: „Ég hef samt reynt að fara milliveginn og gera þetta meira klæðilegt. Hún er alveg æðisleg, algjört yndi.“

Ísak er langt frá því að vera óvanur í að farða stjörnurnar en hann hefur meðal annars farðað ofurfyrirsætuna Cara Delevingne, Suki Waterhouse og Victoria's Secret-fyrirsætuna Ana Barros. „Það er líka skemmtilegt því mér finnst svo sjúklega skemmtilegt að komast með penslana í andlitið á fyrirsætum, frekar en öðrum stjörnum,“ segir hann.

Í kjölfar samstarfsins við Fontana á mánudag hefur Ísak fengið tilboð um að fara til Parísar á tískuvikuna þar, en hún er ein stærsta og virðulegasta tískuvikan. „Þetta er ekki alveg komið á hreint og ég er í smá viðræðum við þau akkúrat núna,“ segir hann spenntur. Fram undan er nóg að gera hjá Ísak. Dagurinn var fullskipaður auk þess sem hann var að farða fyrir Style Awards sem fóru fram í gærkvöldi. „Ég kem svo til Íslands fyrir RFF en þar er ég að sjá um lúkkið fyrir Hildi Yeoman,“ segir hann.

adda@frettabladid.is




BÍÓ ★ PARADÍS

WWW.STOCKFISHFESTIVAL.IS

Two men in town .......... 18.00
Land og synir .......... 18.00
Tangerines .......... 18.00
Inner scar .......... 20.30
Field of dogs .......... 20.30
In the basement .......... 20.00
Goodbye to language 3D ... 22.00
Blowfly park .......... 22.45
Trip to Italy .......... 22.00




Barnaheill
Save the Children á Íslandi





**Frestur til að senda inn tilnefningar er til miðnættis á morgun fimmtudag**

# Hefur þú orðið vitni að GÓÐVERKI?

## Óskað er eftir tilnefningum til samfélagsverðlauna Fréttablaðsins 2015

**Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag.**

**Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.**

## Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins eru veitt í fimm flokkum.

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum.

Eintaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. Verðlaunafé 1,2 milljónir.

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á visir.is/samfelagsverdlaun, með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt:
**Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík.**

Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í mars.

Heimilistæki ht.is

365

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

## Endurtekning á úrslitaleiknum



**HANDBOLTI** Dregið var í 16-liða úrslit í Meistaradeild Evrópu í gær. Guðjón Valur Sigurðsson og félagar í Barcelona mæta Álaborg en Ólafur Gústafsson leikur með liðinu. Hann mun reyndar ekki spila þessa leiki vegna meiðsla.

Kiel, lið Alfreðs Gíslasonar, leikur gegn Flensburg en þessi lið spiluðu úrslitaleikinn í fyrra. Þetta er stórleikur 16-liða úrslitanna.

Róbert Gunnarsson og félagar í PSG spila gegn Dunkerque. Franskur slagur þar á ferðinni. Lið Arons Kristjánssonar landsliðsþjálfara, Kolding, fær síðan það verðuga verkefni að spila gegn króatíska liðinu RK Zagreb sem er með einn sterkasta heimavöll álfunnar.

Alexander Petersson, Stefán Rafn Sigurmannsson og aðrir leikmenn Rhein-Neckar Löwen verða svo að glíma við Pick Szeged. - hbg

## Luis Suarez afgreiddi Man. City



**Í STUÐI** Luis Suarez kann vel við sig á Englandi og hann refsaði Man. City hressilega í Meistaradeildinni í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

**FÓTBOLTI** Barcelona er í fínni stöðu í 16-liða úrslitum Meistaradeildarinnar eftir 1-2 sigur á Man. City í fyrri leik liðanna.

Luis Suarez skoraði bæði mörk Barcelona en Sergio Aguero skoraði mark City. Gael Clichy, leikmaður City, fékk að líta rauða spjaldið í leiknum.

Juventus vann svo 2-1 heimasigur á Dortmund í hinum leik gærkvöldsins í keppninni. - hbg

**visir.is**
Frekari umfjöllun um Meistaradeildina

# Ég er fyrst og fremst bara glaður

Einar Daði Lárusson tekur þátt í sínu fyrsta stóra alþjóðlega frjálsíþróttamóti í tvö og hálft ár þegar hann keppir á EM innanhúss í Prag í næsta mánuði. Hann barðist lengi við meiðsli sem héldu honum frá keppni í átján mánuði en hann segist nú kominn yfir það versta.

**FRJÁLSAR** Einar Daði Lárusson fékk í gær boð um að taka þátt í EM innanhúss sem fer fram í Prag snemma í næsta mánuði. Þar mun hann keppa í sjöþraut en aðeins fimmtán bestu fjölþrautarmönnum Evrópu er boðið til þátttöku. Einar Daði komst inn með frábærri þraut á stuttu og snörpu móti í Laugardalshöllinni í síðustu viku.

Einar Daði er einn fremsti frjálsíþróttamaður Íslands og hefur verið um árabil. Eftir frábært ár 2012 gerðu meiðsli í hásin og hæl honum erfitt um vik en fyrir ári náði hann að klára sínu fyrstu fjölþraut í átján mánuði. Hann tók eina tugþraut utanhúss á síðasta ári og hefur síðan byrjað innanhússtímabilið í vetur af krafti. EM í Prag verður hans fyrsta alþjóðlega stórmót í tvö og hálft ár. „Ég er auðvitað mjög ánægður með þetta," sagði Einar Daði um boðið sem barst í gær.

### Tók lengri tíma en ég bjóst við

Hann segir að það hafi tekið afar langan tíma að koma sér aftur af stað eftir meiðslin.

„Ég vissi að ef ég myndi bara halda áfram og gera mitt kæmi það á endanum. En vissulega hefur þetta tekið lengri tíma en ég bjóst við í fyrstu," segir Einar Daði sem segist þó ekki enn vera orðinn 100 prósent heill. „Þessi veikleiki í hælnum á mér á örugglega eftir að vera alltaf til staðar. Það sem mestu máli skiptir fyrir mig er að geta unnið í kringum mín meiðsli og haldið áfram að stunda mína íþrótt," segir Einar Daði.

### Óvenjulegt en skemmtilegt

Á fimmtudagskvöldið barst fjölmiðlum skyndilega tilkynning frá Þráni Hafsteinssyni, þjálfara Einars Daða hjá ÍR, um að hans maður hefði stórbætt sig í sjöþraut í sérstakri sjöþrautarkeppni sem var haldin í Laugardalshöllinni um kvöldið. Yfirleitt er sjöþraut tveggja daga keppni og því afar óvenjulegt að halda sjöþrautarmót á einni kvöldstund.

„Mótið var sett upp vegna þess að við vissum að líklega þyrfti ég að bæta mig um 100 stig eða svo til að komast á EM. Það gekk sem betur fer eftir," segir Einar Daði sem fékk 5.726 stig fyrir þrautina. Það skilaði honum í fjórtánda sæti Evrópulistans sem miðað var við fyrir EM í Prag.

„Þetta var mjög skemmtilegt og afar óvenjulegt. Ég reyndar sleppti því að mæta í skólann þennan dag til að hvíla mig fyrir þrautina en annars var þetta mjög sérstakt," lýsir hann og bætir við að sér hafi þótt erfitt að fara í gegnum allar

> „Ég vissi að ef ég myndi bara halda áfram og gera mitt myndi kæmi það á endanum.
>
> *Einar Daði Lárusson, frjálsíþróttamaður úr ÍR.*

greinarnar á svo skömmum tíma. „Ég hafði um tíu mínútur á milli greina og ég brá á það ráð að fara afsíðis til að slaka á eins mikið og ég gat," segir Einar Daði.

### Dett í gírinn í Prag

Hann á von á harðri samkeppni á EM í Prag enda aðeins þeim bestu í álfunni boðið á mótið. „Ég er fyrst og fremst glaður með að hafa komist á mótið en ég er ekki búinn að hugsa málið lengra en svo. Ég vonast auðvitað til að detta í gírinn og ná góðri þraut. Það verður gaman að komast í þessa flottu umgjörð með fullt af áhorfendum."

Alls fara sex Íslendingar á EM í Prag og Einar Daði segir að það sé stórskemmtilegt. „Við myndum sterkt lið á þessu móti og það styrkir okkur. Það er mikill uppgangur í íþróttinni og ég tel að síðasta Meistaramót hafi verið eitt sterkasta innanhússmót sem hefur verið haldið í langan tíma á Íslandi. Það veit á gott." eirikur@frettabladid.is




**FER Á EM** Einar Daði verður einn sex Íslendinga sem keppa á EM innanhúss í frjálsum í næsta mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




## Wenger í sviðsljósinu

Mætir félaginu sem hann hóf þjálfaraferilinn hjá.

**FÓTBOLTI** Fyrri umferðinni í 16-liða úrslitunum í Meistaradeild Evrópu lýkur í kvöld með tveim leikjum. Atletico Madrid heimsækir þá Bayer Leverkusen á meðan Arsenal tekur á móti Monaco.

Það verður sérstakur leikur fyrir Arsene Wenger, stjóra Arsenal, enda tekur hann á móti liðinu sem hann hóf þjálfaraferil sinn hjá.

„Monaco gaf mér mitt fyrsta, stóra tækifæri og ég er ánægður að sjá félagið aftur á meðal þeirra bestu eftir að hafa fallið niður um deild," sagði Wenger og bætti við.

„Ég er nú búinn að vera hjá Arsenal í 18 ár og það eina sem ég hugsa um er að koma mínu liði áfram í keppninni í baráttu við gott lið."

### Arsenal stoppar á sama stað

Arsenal hefur fallið úr leik á þessu stigi keppninnar fjögur ár í röð. Wenger segir liðið hafa lært ýmislegt á þessum árum.

„Frakkarnir segja eflaust að við séum sigurstranglegri en það truflar okkur ekki neitt. Það er ekki til neitt sem heitir auðveldir leikir í Meistaradeildinni. Öll lið sem komast á þetta stig eiga skilið fulla virðingu."

Í liði Monaco er gamall refur sem enskir knattspyrnuáhugamenn muna eftir. Sá heitir Dimitar Berbatov en hann er nú orðinn 34 ára gamall.

„Þó svo hann sé orðinn þetta gamall er hann enn að spila frábærlega. Hann býr yfir mikilli tækni og það er ástæðan fyrir því að hann á svo langan og gifturíkan feril. Hann er ekki eins góður og fyrir tíu árum en er ótrúlega klókur. Það má aldrei líta af honum."

Leikirnir hefjast klukkan 19.45 og verða í beinni á sportstöðvum Stöðvar 2 Sport og einnig má fylgjast með og sjá mörkin á Vísi. - hbg




**FLOTTIR** Wenger ásamt Glenn Hoddle er Wenger stýrði sterku liði Monaco árið 1987. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# KOL
KITCHEN • BAR

# NÝR OG SPENNANDI MATSEÐILL

*Brot af því besta:*

**GRILLAÐ LAMBA SIRLOIN**
Rófur, geitaostur, pólenta, hvítlaukur, soðsósa

**RIBEYE 250g**
Jarðskokkar, gljáður laukur, kartöflugratín með rjómaosti, béarnaise

**NAUTALUND 200g**
Jarðskokkar, gljáður laukur, kartöflugratín með rjómaosti, béarnaise

**NAUTATVENNA**
Nautalund, uxabrjóst, toppkál, kartöflumauk, nautasoðgljái

**UXABRJÓST**
Andarlifur, kartöflumauk, sinnepsfræ, jarðskokkar

**TÚNA**
Kolaður túnfiskur, bonito-gljái beikon, sítrónugrassmajó, kex

**PORK ME**
Djúpsteikt grísasíða, epli, beikon, majónes

**SALTAÐ UXABRJÓST**
Piparrót, majónes, sinnep, grillað brauð

**GRAFIN BLEIKJA**
Vestfirsk hveitikaka, rauðrófupestó, estragonmajónes

**NAUTA TATAKI**
Nautatataki, chili, kóriander, kex

**HVÍTSÚKKULAÐI OSTAKAKA**
Ástaraldin, bakað hvítt súkkulaði, kókosís

**CONFIT DE CANARD**
crispy andarlæra „confit", perlu-cous cous, gulrætur, appelsínur, cashewhnetur og soðsósa

**NÆTURSALTAÐUR ÞORSKHNAKKI**
Grillað toppkál, blaðlaukur, quinoa, beurre blanc

**KOLAÐUR LAX**
Kjúklingabaunir, grilluð paprika, sítrónuconfit, humarbisque

**HNETUSTEIK**
Kartöflumauk, gljáð rótargrænmeti, jarðskokkamauk

**RISOTTO**
Villisveppir, hægeldað naut, parmesan

**BLÁSKEL Í SOÐI**
Saffran, sítróna, andafitukartöflur, spicy majó

*Borðapantanir í síma 517 7474 eða info@kolrestaurant.is*








SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR 40 • 101 REYKJAVÍK • SÍMI 517 7474 • INFO@KOLRESTAURANT.IS • KOLRESTAURANT.IS

# DAGSKRÁ

**Stöð 2 kl. 18.54**

## Ísland í dag

Umsjónarmenn fara yfir helstu tíðindi dagsins úr pólitíkinni, menningunni og mannlífinu. Ítarlegur íþróttapakki og veðurfréttir.



## Í KVÖLD



**Grey's Anatomy**

**STÖÐ 2 KL. 20.05** Ellefta röð þessara vinsælu dramaþátta sem gerast á skurðstofu á Grey Sloan-spítalanum í Seattleborg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



**New Girl**

**GULLSTÖÐIN KL. 18.45** Jess neyðist til að endurskoða líf sitt þegar hún kemst að því að kærastinn hennar er ekki við eina fjölina felldur. Hún finnur sér draumameðleigjendur þegar hún flytur inn með þremur karlmönnum og eru samskipti fjórmenninganna vægast sagt skopleg.



**Girls**

**STÖÐ 2 KL. 22.00** Fjórða gamanþáttaröðin um hóp vinkvenna á þrítugsaldri sem búa í draumaborginni New York og fjalla um aðstæður þeirra, samskiptin við hitt kynið, baráttuna fyrir starfsframanum og margt fleira.

**FM 957 kl. 7.00**

## Morgunþáttur FM957

Ósk og Sverrir vakna með þér á FM957.







OPIÐ HÚS Í DAG
miðvikudag 25.feb. frá 17:00-17:45

Falleg og björt 106 fm,
4ra herbergja auk stæðis
Fallegt útsýni
Mikil lofthæð í stofum.
Rúmgott risherbergi
Frábær staðsetning



Nánari upplýsingar veitir
Ólafur Finnbogason
löggiltur fasteignasali
sími: 822 2307
olafur@miklaborg.is

Verð: 38,9 millj.

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Lágmúla 4 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
- með þér alla leið -

Kristján Ólafsson
Lögmaður
894-4388



Höfuðborg Fasteignasala

Skeljagrandi 2, 107 Reykjavík

Opið hús




Opið hús miðvikud. 25. febrúar frá kl. 17:30-18:00
Um er að ræða fallega og bjarta 77,9 fm 2ja herbergja útsýnisíbúð á 4. hæð með stæði í bílskýli og rúmgóðri sérgeymslu í sameign. Íbúðin skiptist í: forstofu með fatahengi, eldhús með Beyki innréttingu, baðherbergi með baðkeri og tengi fyrir þvottavél, stofu með útgengi út á suður-svalir og rúmgott svefnherbergi. Frekari upplýsingar veitir Snorri í síma 699-4407 eða snorri@hofudborg.is.
Höfuðborg fasteignasala · Hlíðasmára 2, 6. hæð · 414-4488

Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is




## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**07.45** Victorious
**08.05** The Wonder Years
**08.30** Don't Trust the B*** in Apt 23
**08.55** Mindy Project
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** Doctors
**10.15** Spurningabomban
**11.05** Touch
**11.50** Grey's Anatomy
**12.35** Nágrannar
**13.00** Dallas
**13.45** Fairly Legal
**14.40** The Great Escape
**15.30** The Goldbergs
**15.55** Victorious
**16.20** Grallararnir
**16.45** Raising Hope
**17.10** Bold and the Beautiful
**17.32** Nágrannar
**17.57** Simpson-fjölskyldan
**18.23** Veður
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.54** Ísland í dag
**19.06** Víkingalottó
**19.11** Veður
**19.20** Anger Management
**19.40** The Middle
**20.05** Grey's Anatomy
**20.50** Togetherness
**21.15** Bones
**22.00** Girls
**22.30** Cherry Healy. Like a Virgin
**23.30** The Mentalist
**00.15** The Blacklist
**01.00** Person of Interest
**01.45** Major Crimes
**02.25** My Week with Marilyn
**04.00** Rock of Ages
**06.00** Fréttir og Ísland í dag

## SPORT *besta sætið*

**07.00** Meistarad. - Meistaramörk
**08.00** Meistarad. - Meistaramörk
**10.00** Barcelona - Malaga
**11.40** NBA - All Star Game
**13.00** Evrópudeildarmörkin
**13.50** Magdeburg - Gummersbach
**15.10** Þýsku mörkin
**15.40** Man. City - Barcelona
**17.20** Juventus - Dortmund
**19.00** Meistarad. - Meistaramörk
**19.30** Arsenal - Monaco BEINT
**21.45** Meistarad. - Meistaramörk
**22.15** Bayer Lever. - Atletico Madrid
**00.05** Arsenal - Monaco
**01.55** Meistarad. - Meistaramörk

## SPORT 2 *enski boltinn*

**11.45** Premier League World
**12.15** Hull - QPR
**14.05** Premier League Review
**15.00** Crystal Palace - Arsenal
**16.45** Football League Show
**17.15** Chelsea - Burnley
**19.00** Messan
**20.15** Man. City - Newcastle
**21.55** Southampton - Liverpool
**23.40** Swansea - Man. Utd.

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur og tækni **21.00** ABC barnahjálp **21.30** Frá Haga í maga

## STÖÐ 3

**18.15** Last Man Standing
**18.40** Hot in Cleveland
**19.00** Hart of Dixie
**19.45** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**20.30** Baby Daddy
**20.55** Flash
**21.40** Arrow
**22.20** Sleepy Hollow
**23.05** Supernatural
**00.30** Hart of Dixie
**01.15** Jamie & Jimmy's Food Fight Club
**02.00** Baby Daddy
**02.20** Flash
**03.05** Arrow
**03.45** Sleepy Hollow
**04.30** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## Krakkastöðin

**07.00** Áfram Diego, áfram! **07.24** Svampur Sveinsson **07.45** Hvellur keppnisbíll **07.55** UKI **08.00** Brunabílarnir **08.22** Lína Langsokkur **08.47** Ævintýraferðin **09.00** Strumparnir **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tommi og Jenni **09.53** Sumardalsmyllan **10.00** Könnuðurinn Dóra **10.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **10.45** Doddi litli og Eyrnastór **10.55** Rasmus Klumpur og félagar **11.00** Áfram Diego, áfram! **11.24** Svampur Sveinsson **11.45** Hvellur keppnisbíll **11.55** UKI **12.00** Brunabílarnir **12.22** Lína Langsokkur **12.47** Ævintýraferðin **13.00** Strumparnir **13.25** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Tommi og Jenni **13.53** Sumardalsmyllan **14.00** Könnuðurinn Dóra **14.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **14.45** Doddi litli og Eyrnastór **14.55** Rasmus Klumpur og félagar **15.00** Áfram Diego, áfram! **15.24** Svampur Sveinsson **15.45** Hvellur keppnisbíll **15.55** UKI **16.00** Brunabílarnir **16.22** Lína Langsokkur **16.47** Ævintýraferðin **17.00** Strumparnir **17.25** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Tommi og Jenni **17.53** Sumardalsmyllan **18.00** Könnuðurinn Dóra **18.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **18.45** Doddi litli og Eyrnastór **18.55** Rasmus Klumpur og félagar **19.00** Stuart Little 2 **20**.15 Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.20** Friends
**18.45** New Girl
**19.10** Modern Family
**19.30** Two and a Half Men
**19.55** Heimsókn
**20.15** Sælkeraferðin
**20.35** Chuck
**21.15** Cold Case
**22.00** Game of Thrones
**23.00** 1600 Penn
**23.20** Ally McBeal
**00.05** Vice
**00.35** Heimsókn
**00.55** Sælkeraferðin
**01.15** Chuck
**01.55** Cold Case
**02.40** Game of Thrones
**03.40** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**11.30** Tenure
**13.00** The Internship
**15.00** Percy Jackson. Sea of Monsters
**16.45** Tenure
**18.15** The Internship
**20.15** Percy Jackson. Sea of Monsters
**22.00** Burden of Evil
**23.30** Stolen
**01.05** The Fighter
**03.00** Burden of Evil

## RÚV

**16.40** Mánudagsmorgnar
**17.20** Disneystundin
**17.21** Gló magnaða
**17.43** Sígildar teiknimyndir
**17.50** Fínni kostur
**18.15** Táknmálsfréttir
**18.25** Heilabrot
**18.54** Víkingalottó
**19.00** Fréttir
**19.25** Íþróttir
**19.30** Veðurfréttir
**19.35** Kastljós
**20.05** Gettu betur Undanúrslit spurningakeppni framhaldsskólanna. Spyrill er Björn Bragi Arnarsson, spurningahöfundar og dómarar eru Margrét Erla Maack og Steinþór Helgi Arnsteinsson.
**21.15** Kiljan
**22.00** Tíufréttir
**22.15** Veðurfréttir
**22.20** Á spretti
**22.40** Hjartans mál
**23.35** Scott og Bailey
**00.20** Kastljós
**00.45** Fréttir
**01.00** Dagskrárlok

## SKJÁREINN

**06.00** Pepsi MAX tónlist
**08.00** Everybody Loves Raymond
**08.20** Dr. Phil
**09.00** The Talk
**09.45** Pepsi MAX tónlist
**14.15** Cheers
**14.35** Jane the Virgin
**15.15** Parenthood
**15.55** Minute to Win It
**16.40** The Biggest Loser - Ísland
**17.50** Dr. Phil
**18.30** The Tonight Show
**19.10** The Talk
**19.50** The Millers
**20.10** Svali & Svavar
**20.45** Benched
**21.05** Remedy
**21.50** Blue Bloods
**22.30** The Tonight Show
**23.15** Scandal
**00.00** How to Get Away with Murder
**00.45** Remedy
**01.30** Blue Bloods
**02.15** The Tonight Show
**03.05** Pepsi MAX tónlist

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2015
**13.00** Golfing World 2015
**13.50** PGA Tour 2015
**17.50** PGA Tour 2015 - Highlights
**18.45** Golfing World 2015
**19.35** PGA Tour 2015

## HRINGBRAUT

**11.00** Atvinnulífið *(e)* **11.30** Neytendavaktin *(e)* **12.00** Atvinnulífið *(e)* **12.30** Neytendavaktin *(e)* **13.00** Atvinnulífið *(e)* **13.30** Neytendavaktin *(e)* **14.00** Atvinnulífið *(e)* **14.30** Neytendavaktin *(e)* **17.00** Atvinnulífið *(e)* **17.30** Neytendavaktin *(e)* **18.00** Atvinnulífið *(e)* **18.30** Neytendavaktin *(e)* **19.00** Atvinnulífið *(e)* **19.30** Neytendavaktin *(e)* **20.00** Atvinnulífið *(e)* **20.30** Neytendavaktin *(e)* **21.00** Mannamál **21.30** Heimsljós **22.00** Mannamál *(e)* **22.30** Heimsljós *(e)* **23.00** Mannamál *(e)* **23.30** Heimsljós *(e)*

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin


Góð þjónusta og hagstæð verð á skoðunum um allt land
Klikkaðu ekki á skoðun!
Vertu tilbúinn að takast á við vetrarfærðina á nýskoðuðum bíl
ÍS JA 101
FRÍTT WI FI OG RJÚKANDI GÆÐA KAFFI
16
2016
R 651
Frumherji
ÍS JA 901
ÖRUGG BIFREIÐASKOÐUN UM ALLT LAND
BIFREIÐASKOÐUN
Frumherji
Frumherji
Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is

## MORGUNMATURINN



**Akkúrat þessa stundina eru það hollustupönnukökur úr haframjöli, möndlumjöli, banana og eggi. Þetta er að slá í gegn hér á heimilinu.**

Birgitta Haukdal, söngkona.

# Bullandi í bílnum á blússandi ferð úr bænum

Tónlistarmaðurinn Loji Höskuldsson lætur drauminn rætast og gefur út rafpoppplötuna Bullandi í bílnum.

Mynd- og tónlistarmaðurinn Loji Höskuldsson rær á ný mið og gefur út melódíska rafpoppplötu, Bullandi í bílnum, en fram til þessa hefur hann verið hvað þekktastur fyrir indí- og poppskotið rokk og ról.

„Fólk setur sig oft inn í svona „mood“. Sumir vilja bara vera að gera tónlist um veturinn eða þegar þeir eru glaðir. Ég hugsaði bara um hvernig tónlist ég myndi vilja hlusta á í bílnum,“ segir Loji hress þegar hann er spurður að því hvaðan nafnið á plötunni og hugmyndin komi. „Þetta er svona tónlist sem ég persónulega væri til í að hlusta á keyrandi ógeðslega hratt upp í sveit á blasti,“ bætir hann við.

Það má segja að með útgáfunni sé hann að láta gamlan draum rætast.

„Mig hefur alltaf langað til þess að gera þetta en aldrei haft búnað, kunnáttu eða þor til þess að demba mér alveg í þetta.“

Hann lét til skarar skríða og er hægt að nálgast Bullandi í bílnum á Loji.bandcamp.com og vonast Loji einnig til að gefa hana út á vínyl. Þrátt fyrir skref út fyrir þægindarammann er hann ekki stressaður yfir viðtökunum og ánægður með plötuna.

„Ég er bara mjög sáttur, fyrir mér skiptir mestu máli að klára hlutina. Það gerist ekkert hræðilegt þegar þetta kemur út. Kannski verður einhver reiður, ég veit það ekki. En tilgangurinn er ekki að reyna að móðga neinn.“ - gló



**ÁNÆGÐUR MEÐ ÚTKOMUNA** Loji lætur gamlan draum rætast og gefur út rafpoppplötu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

FUDGE
Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010


Ábendingahnappinn má finna á
www.barnaheill.is

Byggingarréttur




Lóðin Mýrargata 18 er til sölu

REYKJAVÍKURBORG

Íbúðir og atvinnuhúsnæði við Vesturbugt

Reykjavíkurborg býður til sölu byggingarrétt á Mýrargötu 18, lóð á horni Hlésgötu og Mýrargötu.

Heimilt er að byggja á lóðinni 620 fermetra hús á þremur hæðum. Skilyrði er að á jarðhæð sé atvinnustarfsemi, en á efri hæðum er heimilt að hafa hvort heldur íbúðir eða atvinnustarfsemi. Hótelrekstur er þó óheimill.

Tilboðsgjafi skal sýna fram á jákvæða eiginfjárstöðu með framlagningu endurskoðaðs ársreiknings síðasta árs eða ársreiknings ársins á undan ásamt árshlutareikningi vegna síðasta árs.

Tilboð í byggingarrétt skulu berast fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 4. mars. Þeim skal skila í þjónustuver Reykjavíkurborgar Borgartúni 12 - 14 í lokuðu umslagi merkt „Mýrargata 18“. Tilboð verða opnuð sama dag kl. 14:15 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

Nánari upplýsingar og skilmálar eru á vef Reykjavíkurborgar: reykjavik.is/lodir

Reykjavíkurborg - skrifstofa eigna og atvinnuþróunar | s. 411 11 11



**Á HVOLFI** Benni hefur verið á bretti frá því hann var fimm ára gamall. MYND/VIKTORHELGI

# Snjóbrettasnáði semur við alþjóðlegt fyrirtæki

Benedikt Friðbjörnsson, tíu ára, er mikill snjóbrettagarpur og skrifaði nýverið undir hálfatvinnumannssamning við íþróttavöruframleiðandann DC Shoes.

Hinn tíu ára gamli Benedikt Friðbjörnsson, alltaf kallaður Benni, skrifaði nýverið undir tveggja og hálfs árs „semi-pro“-samning við íþróttavöruframleiðandann DC Shoes. „Með þessum samningi er hann einn sá yngsti í heiminum sem hefur slíkan samning við íþróttavöruframleiðanda,“ segir faðir hans, Friðbjörn Benediktsson, stoltur. En meðal þeirra sem eru á samningi hjá DC Shoes eru bandaríski snjóbrettakappinn Tavis Rice og Norðmaðurinn Torstein Horgmo, uppáhaldssnjóbrettakappi Benna. „Hann gerði tveggja ára samning sem er „semi-pro“, hálfatvinnumannssamningur. Þá er hann launaður, þó það sé ekki mikið og fær ferðapening, vörur og svona.“

Benni byrjaði á snjóbretti þegar hann var um fimm ára gamall en áhugann fékk hann frá eldri bróður sínum. Faðir hans segist halda sig á skíðunum, á þeim byrjaði Benni en skipti fljótlega yfir á snjóbretti. „Mér finnst maður bara miklu frjálsari, maður getur gert miklu meira,“ segir Benni.

Á netinu má sjá myndbönd af Benna þar sem hann framkvæmir svakaleg stökk á brettinu en hinn ungi íþróttamaður kveðst þó hvergi banginn. „Ég er bara ekkert að pæla í því,“ segir hann þegar hann er spurður að því hvort hann verði ekki lofthræddur.

„Á síðustu tveimur árum hefur hann verið nefndur sem einn af sex bestu í sínum aldursflokki á snjóbretti hjá þessum tímaritum sem eru að telja upp hverjir eru framtíðarstjörnur á snjóbretti,“ segir pabbinn, sem er að vonum stoltur af stráknum. Hann segir soninn ekki kippa sér mikið upp við athyglina. „Ég held að það megi alveg segja að hann sé á meðal þeirra bestu í heiminum í dag í sínum aldursflokki. Til staðfestingar á því þá setti Redbull hann á heimasíðuna sína tiltölulega nýlega og nefndi hann fyrstan af þremur sem væru að koma á eftir þessum sem eru bestir í dag.“



**SÁTTIR** Benni ásamt norska snjóbrettakappanum Marcus Kleveland eftir Icelandic Winter Games í fyrra. MYND/FRIÐBJÖRN

Benni hefur verið talsvert á faraldsfæti og hefur meðal annars ferðast til Austurríkis, Ítalíu, Frakklands og Kanada. „Við erum búin að vera síðustu þrjá vetur með hann á ferðinni, frá því hann var sjö ára,“ segir Friðbjörn, en Benni hefur keppt á fjölda móta hér og erlendis og þann tólfta til fjórtánda mars tekur hann þátt í Icelandic Winter Games á Akureyri í annað sinn. Í fyrra lenti hann í öðru sæti í flokki fimmtán ára og yngri, þá níu ára gamall. „Maður stefnir náttúrulega alltaf að því,“ segir Benni sjálfur, pollrólegur þegar hann er spurður að því hvort hann stefni á fyrsta sætið í ár. gydaloa@frettabladid.is

## DC Shoes

Fyrirtækið DC Shoes er eitt stærsta snjóbretta- og hjólabrettafyrirtæki í heimi. Það var stofnað í Bandaríkjunum árið 1994 og hét þá upphaflega Droors Clothing. Árið 2004 keypti brettafyrirtækið Quicksilver-merkið og árið 2011 fékk DC Shoes nýtt lógó. DC Shoes heldur úti snjóbretta-, hjólabretta- og krossaraliðum á sínum vegum og eru meðlimir í þeim styrktir með búnaði, ásamt því að fá greitt fyrir auglýsingar.


DOMINO'S PIZZA
OFF MENU
FOOD & FUN
Domino's er á Food & Fun í fyrsta sinn!
Á meðan hátíðinni stendur bjóðum við sérstakan OFF MENU-matseðil, þrjár framandi og spennandi pizzur sem aðeins verður hægt að prófa 25. feb.–1. mars. Taktu þátt í Food and Fun að hætti Domino's!
Tiger Chili
Hvítlauksbotn, tígrisrækjur marineraðar í sweet chili ásamt þistilhjörtum. Toppuð með klettasalati og hvítlauks-aioli eftir bakstur.
Bacon Spin
Beikonsneiðar, spínat, ferskur mozzarellaostur. Toppuð með furuhnetum og hunangi eftir bakstur.
THAI CHICKEN
Hvítlauksbotn, kjúklingastrimlar marineraðir í rauðu thai-karrí ásamt kókoshnetuflögum. Toppuð með ferskum kóríander, fersku basil og hvítlauks-aioli eftir bakstur.
Food & Fun
VIÐ NOTUM EINGÖNGU 100% ÍSLENSKAN OST!
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 800 1177



LÆGRA VERÐ · STUNDVÍSI · NÝRRI VÉLAR · BREIÐASTA BROSIÐ · LOFORÐ WOW


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Geir og Obama í Hvíta húsinu

**Geir Haarde**, sendiherra Íslands í Washington, afhenti Barack Obama Bandaríkjaforseta, trúnaðarbréf sitt í Hvíta húsinu í fyrradag. Geir bjó um hríð í Bandaríkjunum þegar hann var við nám og lauk MA-gráðu í hagfræði frá Minnesota-háskóla.



Meðal þekktra sendiherra Íslands í Washington á umliðnum árum má nefna Guðmund Árna Stefánsson, sem verið hefur þar sendiherra undanfarin ár, og Jón Baldvin Hannibalsson. **- kbg**

### Mið-Ísland kveikti ástarbál

Grínhópurinn Mið-Ísland leysti par út með gjöfum á sýningu í Þjóðleikhúskjallaranum á laugardagskvöld. Parið var að halda upp á að ár var liðið frá því að það fór á sitt fyrsta stefnumót, en þá fór það einmitt líka á sýningu hjá Mið-Íslandi. „Þetta hitti á nákvæmlega sömu dagsetningu, 21. febrúar, og var ótrúlega gaman,“ segir **Björn Bragi Arnarson** grínisti. Parið fékk rauðvínsflösku og súkkulaði í tilefni af tímamótunum. „Við viljum meina að ferð á sýningu hjá okkur sé hið fullkomna stefnumót. Fólk er svo aðlaðandi þegar það hlær og hefur gaman.“ Þör sem vilja sjá grínistana á sviði á stefnumóti þurfa ekki að örvænta því hópurinn var að bæta við sýningum í marsmánuði. **- kak**



## Mest lesið VÍSIR

1 Svöruðu ekki beiðni um að aðstoða við Apple-samning
2 Minnihlutanum vantreyst og hann fær ekki áheyrnarfulltrúa í Garðabæ
3 Rúður sprungu í flestum bifreiðum
4 Vantrú barst tilkynning um lögsókn vegna gríns
5 Talið að MH370 hafi verið stefnt að Suðurskautslandinu
6 Varðhaldi hafnað yfir hælisleitanda sem sagðist „elska“ ISIS


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið



20 ÁFANGASTAÐIR 2015

EYDDU Í FRÍIÐ EKKI Í FLUGIÐ!



| | | | |
|---|---|---|---|
| >London | 7x í viku allt árið | >Kaupmannahöfn | 7x í viku allt árið |
| >París | 4-8x í viku allt árið | >Billund | 1x í viku í sumar |
| >Boston | 6x í viku allt árið | >Róm | 1x í viku í sumar |
| >Berlín | 4-6x í viku allt árið | >Tenerife | 1x í viku allt árið |
| >Amsterdam | 4x í viku allt árið | >Varsjá | 1-3x í viku allt árið |
| >Stuttgart | 2x í viku allt árið | >Vilníus | 1x í viku í sumar |
| >Düsseldorf | 2x í viku í sumar | >Salzburg | 1x í viku í vetur |
| >Míanó | 3x í viku í sumar | >Alicante | 2-3x í viku allt árið |
| >Barcelona | 3x í viku í sumar | >Lyon | 2x í viku í sumar |
| >Washington D.C. | 5x í viku allt árið | >Dublin | 3x í viku allt árið |

BÓKAÐU NÚNA Á WOWAIR.IS

WOW air

KATRÍNARTÚN 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS